

REGLUGERÐ

um menntun, þjálfun og atvinnuréttindi farmanna.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

- Reglugerð þessi gildir um alþjóðleg atvinnuskírteini sem gefin eru út hér á landi á grundvelli STCW-samþykktarinnar.
- Reglugerð þessi gildir um áhafnir allra íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, sem skráð eru hér á landi, samkvæmt lögum um skráningu skipa.
- Undanskilin gildissviði reglugerðarinnar eru:
 - herskip, liðsflutningaskip og önnur skip sem EES-ríki reka í öðrum tilgangi en viðskiptalegum,
 - fiskiskip,
 - skemmtibátar,
 - tréskip með frumstæðu smíðalagi.

2. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja öryggi áhafna, farþega og íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og efla varnir gegn mengun sjávar. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja með því faglega hæfni áhafna miðað við stærð skips, verkefni og farsvið.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

2. vélstjóri (e. *second engineer officer*) er vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og ber ábyrgð á vélbúnaði skipsins og rekstri og viðhaldi véla og rafbúnaðar í forföllum yfirvélstjóra.

Aðstoðarmaður skiparafvirkja (e. *electro-technical rating*) er undirmaður sem hefur fullnægt skilyrðum um menntun og hæfi í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. viðauka reglugerðar þessarar.

Aðstoðarvélstjóri (e. *assistant engineer officer*) er undirmaður í þjálfunarferli til starfa sem vélstjóri.

Alþjóðafjarskiptareglur (e. *Radio Regulations*) eru alþjóðafjarskiptareglur, sem fylgja með í viðauka, eða litið er svo á að þær fylgi með í viðauka við alþjóðafjarskiptasamninginn, með áorðnum breytingum (e. *International Telecommunications Convention*).

Efnaflutningaskip (e. *chemical tanker*) er skip sem er smíðað eða breytt og notað til búlkaflutninga á einhverjum þeim fljótandi efnum sem talin eru upp í 17. kafla alþjóðlega kóðans um efnaflutningaskip, í uppfærðri útgáfu (e. *International Bulk Chemical Code*).

Farþegaskip er hvert það skip, skrásett sem slíkt sem getur flutt fleiri en 12 farþega milli hafna innan lands og utan.

Félag (e. *company*) er eigandi skips eða hvers konar önnur samtök eða einstaklingur, til að mynda forstjóri eða þurrleigutaki, sem tekist hefur á hendur ábyrgð á rekstri skips úr höndum eiganda þess og hefur þar með samþykkt að takast á hendur öll þau skyldustörf og alla þá ábyrgð sem reglugerð þessi og viðeigandi lög leggja á viðkomandi aðila.

Fjarskiptamaður (e. *radio operator*) er einstaklingur sem er réttmætur handhafi viðeigandi skírteinis sem gefið er út eða viðurkennt af lögbæru yfirvaldi í samræmi við ákvæði alþjóðafjarskiptareglanna.

Fjarskiptastörf (e. *radio duties*) ná eftir því sem við á til vaktstöðu, viðhalds og viðgerða á tækjabúnaði sem fer fram í samræmi við alþjóðafjarskiptareglurnar, alþjóðasamning frá 1974 um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS-samþykktina), ákvörðun hvers aðildarríkis og viðeigandi tilmæli Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í uppfærðum útgáfum.

Flutningaskip er hvert það skip, skrásett sem slíkt, er siglir með varning milli hafna innan lands og utan.

Gasflutningaskip (e. liquefied-gas tanker) er skip sem er smíðað eða breytt til búlkaflutninga á einhverjum þeim fljótandi gastegundum eða öðrum vörum sem taldar eru upp í 19. kafla alþjóðlega kóðans um gasflutningaskip, í uppfærðri útgáfu (e. *International Gas Carrier Code*).

Gistiaðildarríki er aðildarríki þar sem farmenn sækjast eftir samþykki eða viðurkenningu á réttindaskírteinum, hæfnisskírteinum eða skriflegum sönnunargögnum.

GMDSS-fjarskiptamaður (e. GMDSS radio operator) er einstaklingur sem hefur menntun og hæfi í samræmi við IV. kafla I. viðauka reglugerðar þessarar.

Hafskip (e. seagoing ship) eru öll skip að undanskildum þeim sem einungis er siglt á skipgengum vatnaleiðum eða sjóleiðum í eða nærri vari eða svæðum þar sem reglur um siglingar í höfnum gilda.

Heimskautahafsvæði (e. polar waters) er norðurheimskautahafsvæði og/eða Suðurskautslandið, eins og skilgreint er í reglum XIV/1.2-XIV/1.4 í SOLAS 74.

Hæfnisskírteini (e. Certificate of Proficiency - CoP) er skírteini, annað en réttindaskírteini, sem gefið er út til handa farmanni og tilgreinir þær viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar um þjálfun, hæfni eða siglingatíma, sem hafa verið uppfylltar.

IGF-kóði er alþjóðlegur öryggiskóði fyrir skip sem nota gas eða annað eldsneyti með lágu blossomarki, eins og skilgreint er í reglu II-1/2.29 í SOLAS 74.

ISPS-kóði (e. ISPS Code) er alþjóðakóði um vernd skipa og hafnaraðstöðu, sem samþykktur var 12. desember 2002, með 2. ályktun ráðstefnu aðildarríkja að SOLAS-samþykktinni, í uppfærðri útgáfu.

Mánuður (e. month) er almanaksmánuður eða mánaðarhlutar sem eru 30 dagar samtals.

Olíuflutningaskip (e. oil-tanker) er skip sem er smíðað og notað til búlkaflutninga á jarðolíu og jarðolíuafurðum.

Pólkóði (e. polar code) er alþjóðakóði fyrir skip sem starfrækt eru á heimskautahafsvæðum, eins og skilgreint er í reglu XIV/1.1 í SOLAS 74.

Réttindaskírteini (e. Certificate of Competency - CoC) er skírteini, sem er gefið út og áritað til handa skipstjórum, yfirmönnum og GMDSS-fjarskiptamönnum, í samræmi við ákvæði II., III., IV. eða VII. kafla í I. viðauka reglugerðar þessarar, og veitir lögmaðum handhafa þess rétt til að takast á hendur störf á því ábyrgðarsviði sem tilgreint er í skírteininu.

Sérhæfður vélarliði (e. able seafarer engine) er undirmaður sem hefur fullnægt skilyrðum um menntun og hæfi í samræmi við III. kafla I. viðauka reglugerðar þessarar.

Sérhæfður þilfarsliði (e. able seafarer deck) er undirmaður sem hefur fullnægt skilyrðum um menntun og hæfi í samræmi við viðeigandi ákvæði II. kafla I. viðauka reglugerðar þessarar.

Siglingatími (e. seagoing service) er viðurkenndur starfstími við störf um borð í skipi í förum sem er krafist vegna útgáfu eða endurnýjunar réttindaskírteinis (e. *Certificate of Competency*), hæfnisskírteinis (e. *Certificate of Proficiency*) eða vegna veitinga annarra starfsréttinda.

Skip sem siglir undir fána EES-rikis (e. ship flying the flag of an EEA State) er skip sem er skráð í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og siglir undir fána þess í samræmi við löggjöf þess; skip sem þessi skilgreining á ekki við um telst vera skip sem siglir undir fána þriðja ríkis.

Skiparafvirki (e. electro-technical officer) er yfirmaður sem hefur fullnægt skilyrðum um menntun og hæfi í samræmi við viðeigandi ákvæði III. kafla I. viðauka reglugerðar þessarar.

Skipstjóri (e. master) er sá sem hefur á hendi yfirstjórn skips.

Skrifleg staðfesting (e. Documentary Evidence - DE) er skjal, annað en réttindaskírteini eða hæfnisskírteini, sem notað er til að staðfesta að viðeigandi kröfur í þessari reglugerð hafi verið uppfylltar.

Starfssvið (e. function) eru verkefni, skyldustörf og ábyrgð sem eru skilgreind í STCW-kóðanum, tengd rekstri skipa og sem lúta að öryggi mannlífa á hafinu eða umhverfisvernd sjávar.

STCW-samþykktin (e. STCW Convention) er samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, að því leyti sem hún gildir um þau málefni sem um ræðir, að teknu tilliti til bráðabirgðaákvæða VII. gr. og reglu I/15 í samþykktinni svo og, eftir því sem við á, viðeigandi ákvæða STCW-kóðans, með síðari breytingum,

Strandsiglingar (e. near-coastal voyages) eru siglingar á hafsvæði A1, sbr. skilgreiningu í reglugerð nr. 53/2000, um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, með síðari breytingum, í sérefnahagslögsögu Íslands (EEZ) og á hafsvæðum erlends ríkis samkvæmt skilgreiningu þess erlenda ríkis á hugtakinu strandsiglingar.

Tilskipunin: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB frá 19. nóvember 2008 um lágmarkspjálfun sjómanna (endurútgáfa), með áorðnum breytingum sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn.

Undirmaður (e. rating) er skipverji annar en skipstjóri eða yfirmaður.

Verndarfulltrúi skips (e. ship security officer - SSO) er sá einstaklingur um borð í skipi sem ber ábyrgð gagnvart skipstjóra og er tilnefndur af útgerðarfélagi til að annast siglingaverndarmál skipsins, þar á meðal að innleiða og viðhalda verndaráætlun skipsins, sjá um samskipti við verndarfulltrúa útgerðarfélagsins og verndarfulltrúa hafna.

Verndarskyldur (e. security duties) eru öll verkefni og skyldur um borð í skipum sem tengjast kröfum siglingaverndar, eins og þær eru skilgreindar í kafla XI/2 í SOLAS-samþykktinni, með áorðnum breytingum, og í ISPS-kóðanum.

Vélarafli (e. propulsion power) eru samanlögð, samfelld hámarksnafnaflsafköst allra aðalvéla skipsins í kílóvöttum (kW), eins og þau eru skráð í skráningarskírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum.

Viðurkennt (e. approved) er það sem Samgöngustofa eða annað lögbært stjórnvald metur fullnægjandi.

Yfirmaður (e. officer) er farmaður, annar en skipstjóri, sem er tilgreindur sem slíkur í landslögum eða landsreglum eða samkvæmt almennum kjarasamningi eða venjum þegar öðru er ekki til að dreifa.

Yfirmaður á þilfari (e. deck officer) er yfirmaður sem hefur fullnægt skilyrðum um menntun og hæfi í samræmi við ákvæði II. kafla I. viðauka reglugerðar þessarar.

Yfirmaður í vél (e. engineer officer) er yfirmaður sem hefur fullnægt skilyrðum um menntun og hæfi í samræmi við ákvæði III. kafla I. viðauka reglugerðar þessarar.

Yfirstýrimaður (e. chief mate) er sá yfirmaður á þilfari sem gengur næst skipstjóra og tekur við stjórn skips í forföllum skipstjóra.

Yfirvéltjóri (e. chief engineer) er véltjóri sem er æðstur að tign og ber ábyrgð á vélum, sem knýja skipið, og rekstri og viðhaldi véla og rafbúnaðar í skipinu.

Þriðja land (e. third country) er land sem er ekki aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins (EES).

II. KAFLI

Menntun og þjálfun.

4. gr.

Kröfur um menntun og þjálfun.

1. Farmenn, sem starfa á skipum sem reglugerð þessi gildir um, skulu hafa fullnægt skilyrðum um lágmarksmenntun og -þjálfun í samræmi við kröfur STCW-samþykktarinnar, eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð þessa og skilyrðum um útgáfu skírteina, og/eða skriflegra staðfestinga.
2. Farmenn, sem hafa það hlutverk að stjórna eða hafa umsjón með björgunarförum og notkun þeirra, sbr. reglu III/10.4 í SOLAS-samþykktinni, skulu hafa fengið viðeigandi menntun og þjálfun og vera handhafar viðeigandi skírteina í samræmi við þessa reglugerð.
3. Menntun og þjálfun farmanna skal fullnægja skilyrðum um fræðilega þekkingu og verklega hæfni í I. viðauka við reglugerð þessa, einkum hvað varðar þjálfun í meðhöndlun björgunarbúnaðar og slökkvibúnaðar.

5. gr.

Nám og kennsla.

1. Sjómannaskólar annast menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, með síðari breytingum. Um inntökuskilyrði sjómannaskóla, námskrá, námstilhögun, námsmat og námsstig til öflunar tiltekinna skírteina samkvæmt reglugerð þessari fer samkvæmt lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla, með síðari breytingum. Um slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991, með síðari breytingum, og staðfestir ráðherra námskrá skólans.
2. Nám og kennsla í sjómannaskólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi, sbr. 12. gr. reglugerðar þessarar.

III. KAFLI Skírteinisútgáfa.

6. gr.

Útgáfa skírteina.

1. Samgöngustofa gefur út atvinnuskírteini til umsækjenda sem uppfylla kröfur þessarar reglugerðar. Réttinda- og hæfnisskírteini skulu gefin út eða endurnýjuð til allt að fimm ára í senn, nema annað sé tilgreint í þessari reglugerð.
2. Samgöngustofa skal árita atvinnuskírteini fyrir skipstjóra, yfirmenn og fjarskiptamenn, eins og mælt er fyrir um í reglugerð þessari.
3. Réttindaskírteini, hæfnisskírteini og skriflegar staðfestingar skulu vera á íslensku, ásamt enskri þýðingu.
4. Samgöngustofa skal aðeins gefa út réttindaskírteini, hæfnisskírteini og áritanir eftir að hafa gengið úr skugga um réttmæti framlagðra gagna.
5. Þeir farmenn, sem gegna stöðu fjarskiptamanns um borð í skipum, skulu uppfylla skilyrði IV. kafla I. viðauka reglugerðar þessarar og viðeigandi ákvæði viðurkenndrar námskrár. Póst- og fjarskiptastofnun gefur út skírteini fjarskiptamanns í samræmi við alþjóðafjarskiptareglur.
6. Samgöngustofu er heimilt að fella áritunina inn í sjálft skírteinið, sem gefið er út, eins og kveðið er á um í þætti A-I/2 í STCW-kóðanum og skal þá nota eyðublaðið sem sett er fram í 1. mgr. þáttar A-I/2. Ef áritunin er veitt á annan hátt skal nota eyðublaðið sem sett er fram í 2. mgr. sama þáttar. Áritanir skal veita í samræmi við 2. mgr. VI. gr. í STCW-samþykktinni.
7. Áritanir til staðfestingar á útgáfu réttindaskírteinis og áritanir til staðfestingar á hæfnisskírteini, sem gefnar eru út til handa skipstjórum og yfirmönnum, í samræmi við reglur V/1-1 og V/1-2 í I. viðauka reglugerðar þessarar skal aðeins gefa út ef allar viðeigandi kröfur STCW-samþykktarinnar og reglugerðar þessarar hafa verið uppfylltar.
8. Samgöngustofa, sem viðurkennir til bráðabirgða réttindaskírteini eða hæfnisskírteini, sem gefið er út til handa skipstjórum og yfirmönnum í samræmi við reglu V/1-1 og V/1-2 í I. viðauka reglugerðar þessarar, samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar, skal því aðeins árita skírteinið að staðfest hafi verið að skírteinið sé lögmætt og í gildi. Eyðublað fyrir áritun skal vera það sem sett er fram í 3. mgr. þáttar A-I/2 í STCW-kóðanum.
9. Áritanirnar sem um getur í 6. til 8. mgr. þessarar greinar:
 - a. má gefa út sem sérstök skjöl,
 - b. skulu aðeins gefnar út af Samgöngustofu,
 - c. skulu tölusettar hver með sinni tölu en þó mega áritanir, sem staðfesta útgáfu réttindaskírteinis, hafa sama númer og réttindaskírteinið sjálft, enda sé númerið sérstakt fyrir þessi tvö skjöl og
 - d. skulu falla úr gildi um leið og áritaða réttindaskírteinið eða hæfnisskírteinið, sem gefið er út fyrir skipstjóra og yfirmenn í samræmi við reglur V/1-1 og V/1-2 í viðaukanum við STCW-samþykktina, rennur út eða er afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða ógilt af útgáfuríki og, eigi síðar en fimm árum eftir útgáfudag þeirra.
10. Í áritun skal tilgreina þær stöður, sem handhafa skírteinis er heimilt að gegna og þær takmarkanir sem settar eru, með sama orðalagi og notað er í réttindaskírteininu sem liggur til grundvallar útgáfu áritunar.
11. Heimilt er að nota annað form en það sem mælt er fyrir um í þætti A-I/2 í STCW-kóðanum enda sé þeim lágmarksskilyrðum fullnægt að nauðsynlegar upplýsingar séu ritaðar með latneskum bókstöfum og arabískum tölustöfum, með þeim frávikum sem leyfileg eru samkvæmt þætti A-I/2.
12. Geyma skal frumrit allra skírteina, sem þessi reglugerð kveður á um, um borð í skipinu sem handhafi starfar á, á pappírsmi eða stafrænu formi. Óháð formi skírteinis skal unnt að sannreyna hvort þau séu ósvikin eða gild samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í b-lið 14. tölul. 6. gr. þessarar reglugerðar.

13. Umsækjendur um útgáfu réttindaskírteina eða hæfnisskírteinis skulu færa viðhlítandi sönnur á:
- a. hverjir þeir eru, með því að framvísa gildu vegabréfi eða öðrum gildum persónuskilríkjum, þegar umsókn er lögð fram,
 - b. að þeir séu ekki yngri en tilskilið er í reglunum í I. viðauka þessarar reglugerðar sem fjallar um réttindaskírteinið eða hæfnisskírteinið sem sótt er um,
 - c. að þeir fullnægi heilbrigðiskröfunum sem eru tilgreindar í þætti A-I/9 í STCW-kóðanum, 8. gr. þessarar reglugerðar auk II. viðauka hennar,
 - d. að þeir hafi lokið tilskilinni menntun eða þjálfun og hafi að baki þann siglingatíma sem er áskilinn samkvæmt reglunum í I. viðauka þessarar reglugerðar vegna réttindaskírteinisins eða hæfnisskírteinisins, sem sótt er um,
 - e. að þeir fullnægi þeim hæfniskröfum sem mælt er fyrir um í reglunum í I. viðauka þessarar reglugerðar hvað varðar starfsréttindi, þ.e. stöður, störf og starfstígn sem tilgreina skal í áritunarskjali með réttindaskírteininu og
 - f. að þeir hafi fullnægt skilyrðum þessarar reglugerðar þegar gerðar eru kröfur til útgáfu skírteinis umfram það sem mælt er fyrir um í I. viðauka.
14. Samgöngustofa skal:
- a. halda skrá eða skrár yfir öll réttindaskírteini, hæfnisskírteini og allar áritanir eftir því sem við á, sem gefin eru út, eru útrunnið eða hafa verið endurnýjuð, felld úr gildi tímabundið, ógilt eða sem tilkynnt hefur verið um að séu týnd eða ónýt, og yfir undanþágur sem gefnar eru út.
 - b. veita aðgang að upplýsingum um stöðu skírteina, áritana og undanþága svo viðeigandi stjórnvöld aðildarríkja að STCW-samþykktinni og félög geti sannreynt að skírteini og áritanir, sem farmenn hafa lagt fram hjá þeim með ósk um staðfestingu réttinda samkvæmt reglu I/10 í STCW-samþykktinni og sem gefin eru út til handa skipstjórum og yfirmönnum, þ.m.t. skírteini í samræmi við reglu V/1-1 og V/1-2 í I. viðauka, séu ósvikin og í gildi.
15. Frá og með 1. janúar 2017 skulu upplýsingarnar, sem eiga að liggja fyrir í samræmi við b-lið 14. mgr., vera aðgengilegar á rafrænu formi.

7. gr.

Skip í strandsiglingum.

1. Óheimilt er að gera ríkari kröfur en leiða myndi af reglugerð þessari til áhafna skipa í strandsiglingum sem sigla undir fána annars EES-ríkis eða annars aðildarríkis að STCW-samþykktinni.
2. Þegar ráðgert er að íslenskt skip stundi siglingar við stendur annars EES-ríkis eða annars ríkis sem er aðili er að STCW-samþykktinni á farsviði, sem afmarkar strandsiglingar samkvæmt skilgreiningu þess ríkis, skal Samgöngustofa leita samkomulags við viðkomandi ríki um skilyrði þess að íslenskt skip megi stunda þær siglingar. Á sama hátt skulu stjórnvöld annars EES-ríkis eða ríkis sem er aðili að STCW-samþykktinni leita samkomulags við Samgöngustofu um skilyrði fyrir siglingum á íslensku farsviði.
3. Þegar skip, sem siglir undir fána einhvers EES-ríkis, stundar strandsiglingar við stendur annars EES-ríkis eða annars ríkis sem er aðili að STCW-samþykktinni, skal fánaríki skipsins gera kröfur um menntun og þjálfun, reynslu og útgáfu réttindaskírteina til þeirra farmanna sem á því skipi starfa sem teljast jafngildar þeim kröfum sem strandríkið gerir til strandsiglinga eigin skipa. Þær kröfur skulu þó aldrei vera strangari en kröfurnar sem gerðar eru í tilskipuninni, til skipa sem ekki stunda strandsiglingar.
4. Farmenn á skipi, sem leggur í lengri siglingu en EES-ríki skilgreinir sem strandsiglingu og fer um hafsvæði sem sú skilgreining nær ekki til, skulu uppfylla viðeigandi kröfur í þessari reglugerð og sem gerðar eru til ótakmarkaðs farsviðs.
5. Þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð þessari til skipa sem stunda strandsiglingar við Ísland skulu gilda þegar íslensk skip stunda strandsiglingar við stendur ríkis sem ekki er aðili að STCW-samþykktinni.
6. Samgöngustofa er heimilt að viðurkenna réttindaskírteini farmanna sem annað EES-ríki eða annað ríki, sem er aðili að STCW-samþykktinni, gefur út til strandsiglinga, enda lúti það skilyrðum eða takmörkunum fyrrnefnda ríkisins um strandsiglingar við stendur þess ríkis.
7. Samgöngustofa skal tilgreina mörk þess hafsvæðis sem skilgreinir strandsiglingar í þeim áritunum sem gefnar eru út skv. 6. gr. þessarar reglugerðar.

8. Samgöngustofa skal senda Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um þau skilyrði sem gilda um strandsiglingar samkvæmt þessari reglugerð og viðaukum hennar, þ.m.t. skilgreiningu á strandsiglingum og kröfur um menntun og þjálfun til slíkra siglinga.

8. gr.

Heilbrigðiskröfur.

1. Um heilbrigði farmanna á skipum sem reglugerð þessi tekur til og um útgáfu heilbrigðisvottorða gilda ákvæði þessarar greinar, ákvæði II. viðauka reglugerðar þessarar ásamt viðeigandi verklagsreglum Samgöngustofu.
2. Þeir sem bera ábyrgð á því að meta heilbrigði farmanna í samræmi við 1. mgr þessarar greinar skulu vera starfandi læknar sem eru viðurkenndir af Samgöngustofu.
3. Sérhver farmaður, sem er handhafi réttindaskírteinis eða hæfnisskírteinis, og sem starfar á sjó skal vera handhafi gilds heilbrigðisvottorðs.
4. Til að fá útgefið heilbrigðisvottorð skulu farmenn:
 - a. hafa náð 16 ára aldri,
 - b. sanna með fullnægjandi hætti deili á sér og
 - c. hafa uppfyllt viðeigandi heilbrigðiskröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
5. Gildistími heilbrigðisvottorða skal að hámarki vera tvö ár. Sé farmaður yngri en 18 ára skal hámarksgildistími vera eitt ár.
6. Ef gildistími heilbrigðisvottorðs rennur út meðan á siglingu stendur skal það halda gildi sínu þar til skipið kemur til næstu viðkomuhafnar þar sem viðurkenndur læknir er tiltækur, að því tilskildu að tímabilið sé ekki lengra en þrír mánuðir.
7. Í neyðartilvikum getur Samgöngustofa heimilað farmanni að starfa án gilds heilbrigðisvottorðs þar til skipið kemur til næstu viðkomuhafnar þar sem viðurkenndur læknir er tiltækur, að því tilskildu að slík heimild gildi ekki lengur en þrjá mánuði og að farmaðurinn sem í hlut á sé handhafi heilbrigðisvottorðs sem er nýlega útrunnið.

9. gr.

Endurnýjun réttindaskírteina og hæfnisskírteina.

1. Hverjum þeim skipstjóra, yfirmanni og fjarskiptamanni, sem er handhafi skírteinis og starfar á sjó eða hyggst hverfa aftur til starfa eftir nokkurn tíma í landi, skal sýna fram á það, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að hann uppfylli eftirtalin skilyrði til að halda réttindum sínum til starfa á sjó:
 - a. fullnægi heilbrigðiskröfum skv. 8. gr. þessarar reglugerðar,
 - b. uppfylli ákvæði A-I/11 í STCW-kóðanum.

Hver sá skipstjóri og yfirmaður, sem er handhafi skírteinis til starfa á skipum sem sigla á heimskautahafsvæðum, skal sýna fram á það, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að hann búi enn yfir fullnægjandi starfshæfni samkvæmt ákvæði A-I/11 í STCW-kóðanum.

2. Hver sá farmaður, sem vill gegna áfram störfum um borð í skipi, sem sérstakar menntunar- og þjálfunarkröfur hafa verið gerðar til með alþjóðlegu samkomulagi, skal ljúka viðeigandi viðbótarmenntun og þjálfun.
3. Að því er varðar áframhaldandi störf skipstjóra og yfirmanna tankskipa skulu þeir uppfylla kröfur 1. mgr. þessarar greinar auk þess að sýna fram á, á minnst fimm ára fresti, að þeir búi enn yfir viðvarandi faglegri hæfni til starfa á slíkum skipum í samræmi við 3. mgr. A-I/11 hluta STCW-kóðans.
4. Umsækjendur um réttindaskírteini og hæfnisskírteini sem gilda eftir 1. janúar 2017 skulu hafa sótt viðurkennd upprifjunar- og uppfærslunámskeið eða undirgengist hæfnismat til samræmis við viðeigandi skilyrði um útgáfu réttindaskírteina eða hæfnisskírteina samkvæmt A-hluta STCW-kóðans í kjölfar endurskoðunar STCW-samþykktarinnar. Upprifjunar- og uppfærslunámskeið hafa að markmiði að veita viðbótarmenntun og -þjálfun til samræmis við breytingar á þekkingar- og hæfniskröfunum sem verða við breytingar á STCW-samþykktinni.

5. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og innanríkisráðuneytið skulu sjá til þess að í boði séu viðeigandi uppfærslunámskeið, sbr. 4. mgr. og í samræmi við þátt A-I/11 í STCW-kóðanum. Uppfærslunámskeið samkvæmt þessari grein skulu viðurkennd af Samgöngustofu. Markmið þessara námskeiða er að uppfæra þekkingar- og færni viðmið til samræmis við breyttar kröfur um menntun og þjálfun til samræmis við 3. mgr. Skal á námskeiðunum m.a. farið yfir nýlegar breytingar á alþjóðlegum reglum um öryggi mannlífa á hafinu, siglingavernd og umhverfisvernd sjávar.
6. Samgöngustofa skal sjá til þess að texti nýlegra breytinga á landslögum, reglugerðum og alþjóðlegum reglum um öryggi mannlífa á hafinu, siglingavernd og umhverfisvernd sjávar séu aðgengilegar um borð í skipum sem falla undir reglugerð þessa, að teknu tilliti til b-liðar 3. mgr. 14. gr. og 15. gr.

9. gr. a

Gagnkvæm viðurkenning á skirteinum farmanna sem aðildarríkin gefa út.

1. Samgöngustofa skal taka á móti hæfnisskirteinum og skriflegum sönnunargögnum, sem annað EES-ríki gefur út eða sem gefin eru út með samþykki þess, á pappírsmáli eða stafrænu formi, í þeim tilgangi að gera farmönnum kleift að starfa um borð í skipum sem sigla undir íslenskum fána.
2. Samgöngustofa skal viðurkenna réttindaskirteini eða hæfnisskirteini, sem annað EES-ríki gefur út, til handa skipstjórum og yfirmönnum, í samræmi við tilskipunina, með því að árita þessi skirteini til að staðfesta viðurkenningu þeirra. Áritunin, sem staðfestir viðurkenninguna, skal takmarkast við stöður, starfssvið og réttinda- eða hæfnisstig sem þar er lýst. Áritunin skal aðeins gefin út ef allar kröfur STCW-samþykktarinnar hafa verið uppfylltar í samræmi við 7. mgr. reglu I/2 í STCW-samþykktinni. Eyðublaðið fyrir áritunina skal vera það sem er sett fram í 3. mgr. þáttar A-I/2 í STCW-kóðanum.
3. Samgöngustofa skal samþykkja heilbrigðisvottorð, sem annað EES-ríki gefur út eða sem gefin eru út með samþykki þess, í þeim tilgangi að gera farmönnum kleift að starfa um borð í skipum sem sigla undir fána þess.
4. Samgöngustofa skal sjá til þess að ákvarðanirnar, sem um getur í 1.-3. tölul., séu teknar innan hæfilegs frests.
5. Samgöngustofa getur sett frekari takmarkanir á stöður, starfssvið og réttinda- eða hæfnisstig í tengslum við strandsiglingar, eins og um getur í 7. gr. tilskipunarinnar og reglugerð þessari eða önnur skirteini sem eru gefin út samkvæmt reglu VII/1 í I. viðauka, sbr. þó 2. tölul. þessarar greinar.
6. Samgöngustofu er heimilt, ef nauðsyn krefur, að leyfa farmanni að starfa, að hámarki þrjá mánuði, um borð í skipi sem siglir undir íslenskum fána, enda hafi farmaðurinn viðeigandi gilt skirteini, útgefið og áritað í öðru EES-ríki jafnvel þó annað gístiaðildarríki hafi ekki enn áritað skirteinið, sbr. þó 2. tölul. Skriflegt sönnunargagn um að lögbærum yfirvöldum hafi verið send umsókn um áritun skal vera aðgengilegt.
7. Samgöngustofa skal sjá til þess að farmenn, sem leggja fram skirteini til viðurkenningar á störfum á stjórnunarsviði, hafi fullnægjandi þekkingu á íslenskri siglingalöggjöf er lýtur að þeim störfum sem þeim er heimilt að gegna.

10. gr.

Viðurkenning réttindaskirteina og hæfnisskirteina þriðju ríkja.

1. Farmönnum, sem hafa ekki undir höndum réttindaskirteini útgefið af EES-ríki og/eða hæfnisskirteini, fyrir skipstjóra og yfirmenn, í samræmi við reglur V/1-1 og V/1-2 í STCW-samþykktinni, er heimilt að starfa um borð í skipum, sem sigla undir fána EES-ríkis, að því tilskildu að réttindaskirteini eða hæfnisskirteini, sem þeir hafa undir höndum, hafi verið viðurkennd samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 19. gr. tilskipunarinnar.
2. Telji Samgöngustofa að viðurkennt þriðja ríki uppfylli ekki lengur kröfur STCW-samþykktarinnar skal hún tilkynna það í samræmi við 20. gr. tilskipunarinnar.

11. gr.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir sviksamlegt og annað ólögmætt athæfi.

1. Samgöngustofa skal grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að koma í veg fyrir sviksamlegt og annað ólögmætt athæfi í tengslum við útgáfu skírteina og áritana.
2. Samgöngustofa getur leitað skriflegrar staðfestingar lögbærra yfirvalda útgáfuríkis þess efnis að framvísað skírteini farmanns og samsvarandi áritun eða aðrar skriflegar staðfestingar um þjálfun, sem gefin voru út af því ríki, séu lögmæt. Samgöngustofa skal einnig veita yfirvöldum útgáfuríkis, sem tilnefnd eru í samræmi við tilskipunina og STCW-samþykktina, skriflega staðfestingu á lögmæti skírteina farmanns og samsvarandi áritana eða annarrar skriflegrar staðfestingar um þjálfun sem stofnunin gefur út.
3. Samgöngustofa skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og aðildarríkjum að STCW-samþykktinni um tilhögun eftirlits hér á landi og ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik og annað ólögmætt athæfi.

IV. KAFLI

Gæðakerfi og notkun herma.

12. gr.

Gæðakerfi og gæðastaðlar.

1. Um gæðakerfi og gæðastaðla gildir eftirfarandi:
 - a. Öll menntun og þjálfun, hæfnismat, útgáfa atvinnuskírteina, þ.m.t. heilbrigðisvottorð, áritun og endurnýjun, sem fram fer hjá óopinberum stofnunum eða aðilum í þeirra umboði, skal lúta stöðugu eftirliti viðurkennds gæðakerfis, til að tryggja að þau markmið náist sem hafa verið sett, þar á meðal markmið um menntun og hæfi og starfsreynslu leiðbeinenda og matsmanna, í samræmi við þátt A-I/8 í STCW-kóðanum.
 - b. Hjá opinberum stofnunum eða aðilum, sem sinna verkefnum sem greinir í a-lið, skal viðurkennda gæðakerfið sem skylt er að vinna eftir, lúta stöðugu innra og ytra eftirliti í samræmi við þátt A-I/8 í STCW-kóðanum.
 - c. Skilgreina skal með skýrum hætti markmið menntunar og þjálfunar og tengda gæðastaðla um hæfni og tilgreina það þekkingar-, skilnings- og færnisstig sem krafist er til prófs og námsmats skv. STCW-samþykktinni og STCW-kóðanum.
 - d. Gildissvið gæðastaðla skal ná til umsjónar með útgáfu atvinnu- og hæfnisskírteina skv. reglugerð þessari, útgáfu heilbrigðisvottorða, hvers konar þjálfunarnámskeiða og námsbrauta, prófa og mats á vegum eða í umsjón stjórnvalda fyrir hvert námskeið og hverja námsbraut, og hæfi og starfsreynslu leiðbeinenda og matsmanna, að teknu tilliti til stefnumiða, kerfa, eftirlits og innra gæðarýnis sem er komið á til að tryggja að skilgreindum markmiðum sé náð.
2. Samgöngustofa skal, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, sjá til þess að hæfir og óháðir aðilar geri úttekt á starfsemi, er varðar öflun og mat á þekkingu, skilningi og færni svo og umsjón með útgáfu skírteina til að sannreyna:
 - a. að allar ráðstafanir um innra eftirlit og vöktun, auk aðgerða til eftirfylgni, séu í samræmi við skipulagða tilhögun og skjalfesta málsmeðferð og tryggi að skilgreindum markmiðum verði náð,
 - b. að niðurstöður óháðra úttekta séu skráðar hverju sinni og skulu kynntar þeim starfsmönnum sem bera ábyrgð á því sviði sem úttektin beinist að,
 - c. að ráðstafanir séu gerðar til að ráða bót á annmörkum innan hæfilegs frests og
 - d. að gæðakerfið taki til allra viðeigandi ákvæða þessarar reglugerðar, STCW-samþykktarinnar og STCW-kóðans.
3. Samgöngustofa skal innan sex mánaða frá úttektardegi senda Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu um hverja þá úttekt sem fer fram skv. 2. mgr., í samræmi við þátt A-I/7 í STCW-kóðanum.

13. gr.

Notkun herma.

Þegar hermar eru notaðir við menntun, þjálfun eða námsmat sem krafist er samkvæmt reglugerð þessari, skal sjá til þess að kröfum um afköst, getu og gæði sem og önnur ákvæði, sem eru sett fram í þætti A-I/12 STCW-kóðans, og aðrar kröfur, sem mælt er fyrir um í A-hluta STCW-kóðans vegna þeirra skírteina sem þar eru tilgreind, sé fullnægt:

- a. að því er varðar lögboðna menntun og þjálfun með notkun hermis,
- b. að því er varðar notkun herma við hvers konar hæfnismat sem er krafist í A-hluta STCW-kóðans og fram fer með notkun hermis,
- c. að því er varðar hvers konar notkun herma til að meta eða sannreyna að tiltekinni kunnáttu og færni hafi verið viðhaldið eins og krafist er í A-hluta STCW-kóðans.

Við notkun herma við menntun, þjálfun eða mat á hæfni skal leiðbeinandi, eftirlitsmaður eða matsmaður sem stýrir eða hefur umsjón með menntun, þjálfun eða hæfnismati hafa fengið viðeigandi leiðbeiningar um kennslutækni í notkun herma og hafa hagnýta reynslu í meðferð þeirrar gerðar hermis sem er notuð. Enn fremur skal matsmaður við hæfnismat með hermi hafa öðlast hagnýta reynslu við mat með þeirri gerð hermis sem um ræðir undir efirliti reynds matsmanns og með fullnægjandi árangri að mati hans.

V. KAFLI

Ábyrgð félaga.

14. gr.

Ábyrgð félaga.

1. Félög skulu bera ábyrgð á að farmenn séu ráðnir til starfa á skipum þeirra í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Sérhvert félag skal sjá til þess að:
 - a. allir farmenn, sem ráðnir eru til starfa á skipum félagsins, séu handhafar viðeigandi skírteinis í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar,
 - b. skip félagsins séu mönnuð í samræmi við öryggismönnunarskírteini, sbr. 12. gr. laga nr. 76/2001 og 21. gr. reglugerðar þessarar,
 - c. öll skjöl og gögn um alla farmenn, sem starfa á skipum félagsins, séu uppfærð, endurnýjuð og þau gerð aðgengileg og að í þeim sé m.a. að finna staðfestingu um reynslu þeirra, menntun og þjálfun, heilbrigði og hæfni til þeirra verka sem þeim hafa verið falin,
 - d. farmenn sem skráðir eru á skip félagsins fái nauðsynlega vitneskju og leiðsögn á vinnutungumáli skipsins eða ensku um skyldustörf sín og allt það sem lýtur að tilhögun, búnaði, tækjum, starfsaðferðum og sérstökum eigindum skipsins og máli skiptir fyrir dagleg skyldustörf þeirra eða hlutverk í neyðartilvikum,
 - e. allir farmenn geti, með skilvirkum hætti, samræmt aðgerðir og athafnir sínar í neyðartilvikum og við störf sem eru nauðsynleg vegna öryggis eða til að fyrirbyggja og draga úr mengun,
 - f. farmenn, sem starfa á einhverjum af skipum þess, gangist undir upprifjunarþjálfun og endurmenntun eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð,
 - g. um borð í skipum þess séu alltaf viðhöfð skilvirk munnleg samskipti í samræmi við 18. gr. þessarar reglugerðar.
2. Félög, skipstjórar og aðrir farmenn skulu hver um sig ábyrgjast að staðið sé að öllu leyti við þær skuldbindingar sem eru settar fram í þessari grein og að gerðar séu þær ráðstafanir sem tiltækar eru til að tryggja að sérhver farmaður geti af kunnáttu og færni stuðlað að öruggum rekstri skipsins.

3. Félagið skal láta skipstjóra sérhvers skips, sem þessi reglugerð á við um, í té skrifleg fyrirmæli þar sem fram koma stefnumið og verklagsreglur sem fylgja ber í því skyni að tryggja að allir nýliðar um borð fái tækifæri til að kynna sér búnað um borð í skipinu, verklagsreglur og aðra tilhögun, sem er nauðsynleg vegna starfars, áður en þeir hefja störf. Í þessum stefnumiðum og verklagsreglum skal m.a. fjallað um:
- a. að nýliði skuli fá hæfilegan tíma til að kynna sér:
 - i. þann búnað sem hann kemur til með að nota eða stjórna og
 - ii. verklagsreglur og fyrirkomulag varðandi vaktstöður, öryggi, umhverfisvernd sjávar og neyðartilvik sem varða skipið sérstaklega og farmaður verður að kunna skil á til að geta gegnt skyldustörfum sínum með fullnægjandi hætti,
 - b. útnefningu reynds farmanns sem skal sjá til þess að nýliða sé gefið færi á að taka við mikilvægum upplýsingum á vinnutungumáli skipsins eða ensku.
4. Félög skulu tryggja að skipstjórar, yfirmenn og aðrir farmenn, sem eru settir til ákveðinna skyldu- og ábyrgðarstarfa um borð í ekjufarþegaskipum þeirra, skuli hafa lokið kynningarþjálfun til að ná viðeigandi færni sem er nauðsynleg í tengslum við þá stöðu og þau skyldu- og ábyrgðarstörf sem viðkomandi á að taka að sér, með tilliti til leiðbeininganna, sem gefnar eru í þætti B-I/14 í STCW-kóðanum.

15. gr.

Samskipti um borð.

Félög skulu sjá til þess:

- a. með fyrirvara um b. og c. lið þessarar greinar, að um borð í skipi þess séu ávallt viðeigandi ráðstafanir gerðar til að skilvirk munnleg samskipti um öryggismál geti farið fram milli allra skipverja, einkum með tilliti til öruggrar og skilvirkrar móttöku, miðlunar og skilnings skilaboða og fyrirmæla.
- b. að um borð í öllum farþegaskipum sé tekin ákvörðun um tiltekið vinnutungumál til að tryggja fullnægjandi frammistöðu skipverja í öryggismálum og það skráð í skipsdagbók. Félagið eða skipstjórinn, eftir því sem við á, skulu ákvarða viðeigandi vinnutungumál sem hver farmaður þarf að geta skilið og tjáð sig á. Ef vinnutungumálið er ekki opinbert tungumál fánaríkis skulu allar áætlanir og skrár sem er skylt að hengja upp einnig þýddar á vinnutungumálið.
- c. að um borð í farþegaskipum sé auðvelt að bera kennsl á skipverja sem hafa hlutverki að gegna samkvæmt neyðaráætlun og að þeir hafi nægilega tungumálakunnáttu til að inna þau störf af hendi, að teknu tilliti til eftirfarandi þátta:
 - i. hvaða tungumál flestir farþegar, sem fluttir eru á tiltekinni leið, skilja,
 - ii. beiting undirstöðuorðaförða á ensku til að gefa einfaldar leiðbeiningar þannig að það gagnist til samskipta við farþega sem er hjálparþurfi, óháð því hvort farþegi
 - iii. nauðsyn þess að geta átt samskipti með einhverjum öðrum hætti þegar neyðarástand ríkir (t.d. með sýnikennslu eða bendingum),
 - iv. alhliða tilsögn í öryggismálum sem farþegar hafa fengið á eigin móðurmáli eða tungumáli sem þeir skilja,
 - v. tungumál sem heimilt er að senda tilkynningar um neyðarástand út á, þegar slíkt ástand ríkir eða við æfingar, í þeim tilgangi að koma lífsnauðsynlegum leiðbeiningum til farþega og auðvelda skipverjum að aðstoða þá,
- d. að um borð í olíuflutninga-, efnaflutninga- og gasflutningaskipum félagsins, sem sigla undir fána EES-ríkis, geti skipstjóri, yfirmenn og undirmenn átt samskipti sín á milli á sameiginlegu vinnutungumáli eða -málum,
- e. að viðeigandi búnaður sé um borð svo samskipti geti farið fram milli skips og yfirvalda í landi; nota skal ensku á stjórnþalli skipa sem falla undir þessa reglugerð sem vinnutungumál fyrir öryggissamskipti frá stjórnþalli til stjórnþalls og frá stjórnþalli til strandar sem og til samskipta um borð milli leiðsögumanns og skipverja sem standa vaktir á stjórnþalli, nema ef þeir sem eiga í beinum samskiptum tali sameiginlegt tungumál annað en ensku,
- f. að við hafnarrikiseftirlit sé sýnt fram á að skip félagsins fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

VI. KAFLI
Hafnarrikiseftirlit.

16. gr.

Hafnarrikiseftirlit.

1. Skip sem falla undir ákvæði reglugerðar þessarar, óháð því undir hvaða fána þau sigla, skulu sæta hafnarrikiseftirliti sem hefur það markmið að færa sönnur á að allir farmenn, sem starfa um borð í viðkomandi skipi og sem eiga að geta framvísað réttindaskírteini eða hæfnisskírteini sem kveðið er á um í STCW-samþykktinni, séu handhafar viðeigandi skírteina eða geti framvísað gildri undanþágu til að gegna viðkomandi stöðu.
2. Samgöngustofa skal sjá til þess að viðeigandi ákvæðum og málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 816/2011, um hafnarrikiseftirlit, með síðari breytingum, sé beitt við hafnarrikiseftirlit samkvæmt reglugerð þessari.

17. gr.

Tilhögun hafnarrikiseftirlits.

1. Með fyrirvara um reglugerð nr. 816/2011, um hafnarrikiseftirlit, með síðari breytingum, skal hafnarrikiseftirlit skv. 16. gr. afmarkast við eftirfarandi:
 - a. að sannreyna að allir þeir farmenn um borð sem eiga að hafa réttindaskírteini og/eða hæfnisskírteini, í samræmi við STCW-samþykktina, hafi undir höndum slíkt réttindaskírteini eða gilda undanþágu og/eða hæfnisskírteini, og geti lagt fram skriflega staðfestingu um að sótt hafi verið um áritun til staðfestingar á viðurkenningu yfirvalda í fánaríkinu á réttindaskírteininu,
 - b. að sannreynahvort fjöldi farmanna og skírteini farmanna, sem starfa um borð, samræmist reglum yfirvalda fánaríkisins um öryggismönnun.
2. Meta skal, í samræmi við A-hluta STCW-kóðans, hvort skipverjar séu færir um að standa vaktir og uppfylla verndarkröfur, eins og við á, í samræmi við kröfur STCW-samþykktarinnar, enda sé ástæða til að ætla að slíkum kröfum sé ekki fullnægt vegna þess að eitthvað af því sem hér er talið hefur gerst:
 - a. skipið hefur lent í árekstri, tekið niðri eða strandað,
 - b. efni, sem ólöglegt er að losa í hafið samkvæmt alþjóðasamningi, hafa verið losuð úr skipinu á siglingu, þegar það lá fyrir akkeri eða við bryggju,
 - c. skipinu hefur verið stjórnað með tilviljanakenndum eða ótryggum hætti og ekki hefur verið fylgt reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um siglingaleiðir eða venjum og háttum við öruggar siglingar,
 - d. skipinu er stýrt á einhvern þann hátt annan sem hættulegur er mönnum, eignum eða umhverfi, eða að öryggi er stefnt í hættu,
 - e. skírteinið er fengið með sviksamlegum hætti eða handhafi þess er annar en sá sem skírteinið var upphaflega gefið út fyrir,
 - f. skipið siglir undir fána lands, sem hefur ekki fullgilt STCW-samþykktina, eða skipstjóri, yfirmaður eða undirmaður er handhafi skírteinis sem er útgefið af þriðja landi sem hefur ekki fullgilt STCW-samþykktina.

=>Þrátt fyrir sannprófun skírteina er heimilt að fara fram á að farmaður sýni viðeigandi hæfni á starfsstöð sinni þegar mat skv. 2. mgr. fer fram. Í þessu getur m.a. falist að staðlar vegna vaktstöðu séu uppfylltir og að farmaðurinn sýni rétt fagleg viðbrögð við neyðaraðstæður.

18. gr.

Kyrrsetning.

Með fyrirvara um reglugerð nr. 816/2011, um hafnarrikiseftirlit, með síðari breytingum, er Samgöngustofu einungis heimilt að kyrrsetja skip, samkvæmt þessari reglugerð, ef hafnarrikiseftirlitsmaður hefur ákvarðað að einhver eftirfarandi ágalla skapi hættu fyrir menn, eignir eða umhverfi:

- a. farmenn hafa engin skírteini, þá vantar viðeigandi skírteini eða gilda undanþágu eða geta ekki lagt fram skjöl til sönnunar því að umsókn um áritun til staðfestingar á viðurkenningu hafi verið send yfirvöldum fánaríkis,
- b. gildandi kröfur fánaríkis um öryggismönnun samkvæmt öryggisskírteini um lágmarksmönnun eru ekki uppfylltar,
- c. tilhögun siglinga- eða vélstjórnarvaktar er ekki í samræmi við þær kröfur sem fánaríkið hefur sett vegna skipsins,
- d. ekki er á vakt maður sem hefur réttindi til að stjórna búnaði sem er nauðsynlegur öruggri siglingu eða öryggisfjarskiptum eða til að forðast mengun sjávar,
- e. sönnun um faglega kunnáttu við þau skyldustörf, sem farmaður gegnir vegna öryggis skipsins og umhverfisverndar sjávar, hefur ekki verið lögð fram,
- f. ekki eru settir á fyrstu vakt við upphaf sjóferðar og síðari vaktir, sem á eftir fylgja, menn sem hafa fengið næga hvíld og eru vinnufærir að öðru leyti.

VII. KAFLI

Viðurlög.

19. gr.

Afturköllun atvinnuskírteinis eða áritunar.

Samgöngustofu er heimilt að afturkalla skírteini eða áritanir ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum reglugerðarinnar til að öðlast slíkt atvinnuskírteini eða áritun eða vera skírteinishafi í samræmi við ákvæði laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

20. gr.

Refsiákvæði.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir ákvæðum 15. og 16. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, með síðari breytingum.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Öryggismönnun skipa.

1. Um öryggismönnun skipa fer eftir ákvæðum 12. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, með síðari breytingum, að teknu tilliti til IV. viðauka við reglugerð þessa.
2. Samgöngustofa ákveður mönnun farþegaskipa og flutningaskipa og gefur út öryggismönnunarskírteini fyrir þau þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn, samsetningu áhafnar og skírteini fyrir einstakar stöður.
3. Greiða skal gjald fyrir útgáfu öryggismönnunarskírteinis sem ákveðið er í gjaldskrá Samgöngustofu.
4. Skipstjórnarmenn farþegaskipa og flutningaskipa skulu hafa yfir að ráða skírteinum miðað við stærð og farsvið skipsins og þann fjölda skipstjórnarmanna sem tilgreindur er í skírteini um öryggismönnun skipsins, sbr. IV. viðauki við reglugerð þessa.
5. Vélstjórnarmenn skulu hafa yfir að ráða skírteinum miðað við vélstærð skipsins og þann fjölda vélstjórnarmanna sem tilgreindur er í skírteini um öryggismönnun skipsins, sbr. IV. viðauki við reglugerð þessa.

22. gr.

Undanþágur.

1. Um undanþágur fer samkvæmt 8. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, með síðari breytingum. Um gjald vegna umsóknar um undanþágu fer samkvæmt 14. gr. sömu laga.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er óheimilt að veita undanþágu til að gegna stöðu fjarskiptamanns nema með þeim undantekningum sem gerðar eru í alþjóðafjarskiptareglunum.

23. gr.

Upplýsingar vegna tölfraðilegrar úrvinnslu.

1. Samgöngustofa skal veita Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingarnar, sem taldar eru upp í V. viðauka, en eingöngu til tölfraðilegrar greiningar. Slíkar upplýsingar skal ekki nota í stjórnsýslulegum eða lagalegum tilgangi eða til sannprófunar og þær eru eingöngu til notkunar fyrir EES-ríkin og Eftirlitsstofnun EFTA við stefnumótun.
2. Samgöngustofa skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar árlega fyrir Eftirlitsstofnun EFTA á rafrænu formi og skulu þær fela í sér upplýsingarnar sem skráðar eru til 31. desember næstliðið ár. Samgöngustofa hefur eignarrétt á upplýsingunum og ónnum gögnum vegna þeirra. Unnar tölfraðilegar upplýsingar, sem undirbúnar eru á grundvelli slíkra gagna, skulu gerðar aðgengilegar opinberlega í samræmi við ákvæðin um gagnsæi og verndun upplýsinga skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1406/2002, um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, eins og hún er innleidd hér á landi með reglugerð nr. 1138/2007, með síðari breytingum.
3. Til að tryggja vernd persónuupplýsinga skal Samgöngustofa sjá til þess að allar persónuupplýsingar séu nafnlausar, eins og tilgreint er í V. viðauka, áður en þær eru sendar til Eftirlitsstofnunar EFTA með því að nota hugbúnað sem Eftirlitsstofnun EFTA lætur í té eða viðurkennir. Eftirlitsstofnun EFTA skal eingöngu nota þessar nafnlausu upplýsingar.
4. Öflun, framlagning, geymsla, greining og miðlun ofangreindra upplýsinga skulu vera með þeim hætti að tölfraðileg greining sé möguleg.

24. gr.

Gjaldtaka.

Greiða skal gjald fyrir afgreiðslu og útgáfu atvinnuskírteina, áritun erlendra skírteina, veitingu undanþágna samkvæmt gjaldskrá Samgöngustofu. Gjöldin skulu standa undir kostnaði Samgöngustofu við afgreiðslu þeirra.

25. gr.

Innleiðing á EES-gerðum.

Reglugerð þessi er til innleiðingar á eftirfarandi tilskipunum (ESB) með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/993 frá 8. júní 2022 um lágmarksmenntun og -þjálfun farmanna, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 288/2023 frá 27. október 2023. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 92 frá 20. desember 2023, bls. 204-249.
- b. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/35/ESB frá 21. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun 2008/106/EB um lágmarksþjálfun sjómanna, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2015 frá 20. mars 2015, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23 frá 23. apríl 2015, bls. 64-91.
- c. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1159 frá 20. júní 2019 um breytingu á tilskipun 2008/106/EB um lágmarksþjálfun sjómanna og um niðurfellingu á tilskipun 2005/45/EB um gagnkvæma viðurkenningu á skírteinum sjómanna sem aðildarríkin gefa út, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2021 frá 11. júní 2021, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49 frá 22. júlí 2021, bls. 152-163.

26. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur brott reglugerð nr. 416/2003, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Sú krafa að þeir sem meti heilbrigði farmanna skulu vera lækna sem öðlast hafa viðurkenningu Samgöngustofu skal koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2017. Frá þeirri dagsetningu falla niður heimildir annarra lækna til að gefa út heilbrigðisvottorð til farmanna samkvæmt þessari reglugerð.

II.

Þeir sem eru lögmætir handhafar skírteina og áritana, sem gefin voru út samkvæmt reglugerð nr. 416/2003, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, með síðari breytingum, skulu halda réttindum sínum óskertum út gildistíma skirteinisins.

III.

Hafi viðurkenndur siglingatími, viðurkennd menntun og þjálfun eða viðurkennt þjálfunarnámskeið hafist fyrir 1. júlí 2013, er Samgöngustofu heimilt, til 1. janúar 2017, að gefa út, viðurkenna og árita réttindaskírteini til farmanna í samræmi við eldri reglugerð.

IV.

Þeir sem við gildistöku þessarar reglugerðar eru réttmætir handhafar skírteina til þess að gegna stöðu skipstjóra og eða stýrimanns á skipi sem er allt að 65 BT (brúttótonn) að stærð skulu eiga rétt á að fá þessi skírteini endurnýjuð að því tilskildu að þeir fullnægi skilyrðum um heilbrigði, viðhald faglegrar hæfni og með því að hafa að baki að lágmarki 12 mánaða siglingatíma á næstliðnum 5 árum. Ekki er heimilt að gefa út ný skírteini sem veita rétt til skipstjórnar á farþegaskipum sem eru 65 BT og minni eftir að reglugerð þessi hefur tekið gildi.

V.

Fram til 1. janúar 2017 er Samgöngustofu heimilt að endurnýja og framlengja gildistíma réttindaskírteina, hæfnisskírteina og áritana í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar, eins og þær voru fyrir 3. janúar 2013.

VI.

Frá og með 1. janúar 2017 er Samgöngustofu einungis heimilt að gefa út réttindaskírteini, hæfnisskírteini og áritanir í samræmi við þær kröfur sem reglugerð þessi kveður á um.

I. VIÐAUKI**Kröfur STCW-samþykktarinnar um menntun og þjálfun sem um getur í 4. gr.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.**

1. Til viðbótar reglum þessa viðauka skulu koma lögboðin ákvæði í A-hluta STCW-kóðans, að undanskilinni reglu VIII/2 í VIII. kafla STCW-kóðans.

Líta ber á sérhverja tilvísun í kröfu tiltekinnar reglu sem tilvísun í samsvarandi þátt í A-hluta STCW-kóðans.

2. Í A-hluta STCW-kóðans er að finna hæfniskröfur sem umsækjendur um útgáfu eða endurnýjun réttindaskírteina verða að uppfylla samkvæmt ákvæðum STCW-samþykktarinnar. Til að skýra tengsl milli ákvæða um annars konar útgáfu réttindaskírteina í VII. kafla og ákvæða um útgáfu réttindaskírteina í II., III. og IV. kafla er færni, sem er tilgreind í hæfniskröfunum, flokkuð, eftir því sem við á, undir eftirfarandi sjö starfssvið:

1. siglingu,
 2. meðhöndlun farms og hleðslu,
 3. stjórn skips og eftirlit með öryggi einstaklinga um borð,
 4. sjóvélstjórn,
 5. umsjón með rekstri og stjórnun rafbúnaðar og rafeindabúnaðar,
 6. viðhald og viðgerðir,
 7. þráðlaus fjarskipti
- á eftirfarandi ábyrgðarsviðum:
1. stjórnunarsviði,
 2. rekstrarsviði,
 3. stoðsviði.

Undirtitlar í töflum um hæfniskröfur, sem eru tilgreindar í II., III. og IV. kafla í A-hluta STCW-kóðans, sýnir starfssvið og ábyrgðarsvið.

II. KAFLI**Skipstjóri og þilfarsdeild.****Regla II/1**

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteinisem yfirmaður siglingavaktar á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri.

1. Hver yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt og starfar um borð í hafskipi sem er 500 brúttótonn eða stærra skal hafa réttindaskírteini.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. hafa náð 18 ára aldri,

2.2. hafa að baki viðurkenndan siglingatíma, sem nemur a.m.k. 12 mánuðum, enda hafi hann verið hluti af viðurkenndri námsbraut þar sem þjálfun um borð fullnægir kröfunum í þætti A-II/1 í STCW-kóðanum, og skal siglingatíminn skráður í viðurkennda þjálfunarbók, eða hafa að baki að öðrum kosti viðurkenndan siglingatíma sem nemur a.m.k. 36 mánuðum,

2.3. hafa staðið vaktir í brú á tilskildum siglingatíma undir eftirliti skipstjóra eða yfirmanns með menntun og hæfi um a.m.k. sex mánaða skeið,

2.4. fullnægja gildandi kröfum reglnanna í IV. kafla, eftir því sem við á, til að geta unnið tiltekin skyldustörf við fjarskipti í samræmi við alþjóðafjarskiptareglurnar,

2.5. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-II/1 í STCW-kóðanum og

2.6. fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í 2. mgr. í þætti A-VI/1, 1.-4. mgr. í þætti A-VI/2, 1.-4. mgr. í þætti A-VI/3 og 1.-3. mgr. í þætti A-VI/4 í STCW-kóðanum.

Regla II/2

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteinisem skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri.

Skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum sem eru 3000 brúttótonn eða stærri.

1. Hver skipstjóri og yfirstýrimaður á hafskipum sem eru 3000 brúttótonn eða stærri skal hafa réttindaskírteini.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. fullnægja kröfum til að fá útgefið réttindaskírteini sem yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á skipum, sem eru 500 brúttótonn eða stærri, og hefur að baki viðurkenndan siglingatíma sem er:

2.1.1. eigi skemmri en 12 mánuðir til að fá útgefið atvinnuskírteini sem yfirstýrimaður og

2.1.2. eigi skemmri en 36 mánuðir til að fá útgefið réttindaskírteini sem skipstjóri; þó er heimilt að stytta þennan tíma í 24 mánuði hið minnsta ef umsækjandi hefur starfað sem yfirstýrimaður a.m.k. 12 mánuði af slíkum siglingatíma.

2.2. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-II/2 í STCW-kóðanum fyrir skipstjóra og yfirstýrimenn á skipum sem eru 3000 brúttótonn eða stærri.

Skipstjóri og yfirstýrimaður á skipum sem eru á bilinu 500 til 3000 brúttótonn.

3. Hver skipstjóri og yfirstýrimaður á hafskipi, sem er á bilinu 500 til 3000 brúttótonn, skal hafa réttindaskírteini.

4. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

4.1. fullnægja kröfum til yfirmanns sem ber ábyrgð á siglingavakt á skipum, sem eru 500 brúttótonn eða stærri, til að fá útgefið réttindaskírteini sem yfirstýrimaður,

4.2. fullnægja kröfum til yfirmanns sem ber ábyrgð á siglingavakt á skipum, sem eru 500 brúttótonn eða stærri, og hefur að baki viðurkenndan siglingatíma sem er eigi skemmri en 36 mánuðir, til að fá útgefið réttindaskírteini sem skipstjóri; þó er heimilt að stytta þennan tíma í 24 mánuði hið minnsta ef umsækjandi hefur starfað sem yfirstýrimaður a.m.k. 12 mánuði af slíkum siglingatíma og

4.3. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-II/2 í STCW-kóðanum fyrir skipstjóra og yfirstýrimenn á skipum sem eru á bilinu 500 til 3000 brúttótonn.

Regla II/3

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteini sem yfirmaðursem ber ábyrgð á siglingavakt eða skipstjóri á skipum sem eru minni en 500 brúttótonn.

Skip, önnur en strandsiglingaskip.

1. Hver yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á hafskipi, sem er minna en 500 brúttótonn og er ekki strandsiglingaskip, skal hafa réttindaskírteini fyrir skip sem eru 500 brúttótonn eða stærri.

2. Hver skipstjóri á hafskipi, sem er minna en 500 brúttótonn og er ekki strandsiglingaskip, skal hafa réttindaskírteini fyrir skipstjóra á skipum sem eru á bilinu 500 til 3000 brúttótonn.

Strandsiglingaskip.

Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt.

3. Hver yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á hafskipi til strandsiglinga, sem er minna en 500 brúttótonn, skal hafa réttindaskírteini.

4. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis sem yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á hafskipi til strandsiglinga sem er minna en 500 brúttótonn skal:

4.1. hafa náð 18 ára aldri,

4.2. hafa að baki:

4.2.1. sérstaka þjálfun, m.a. nægilega langan viðeigandi siglingatíma samkvæmt kröfum þessarar reglugerðar eða

4.2.2. viðurkenndan siglingatíma, sem er eigi skemmri en 36 mánuðir við störf á þílfari,

4.3. fullnægja gildandi kröfum reglnanna í IV. kafla, eftir því sem við á, til að geta unnið tiltekin skyldustörf við fjarskipti í samræmi við alþjóðafjarskiptareglurnar,

4.4. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-II/3 í STCW-kóðanum fyrir yfirmenn sem bera ábyrgð á siglingavakt á strandsiglingaskipum sem eru minni en 500 brúttótonn og

4.5. fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í 2. mgr. í þætti A-VI/1, 1.-4. mgr. í þætti A-VI/2, 1.-4. mgr. í þætti A-VI/3 og 1.-3. mgr. í þætti A-VI/4 í STCW-kóðanum,

Skipstjóri.

5. Hver skipstjóri á hafskipi til strandsiglinga, sem er minna en 500 brúttótonn, skal hafa réttindaskírteini.

6. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis sem skipstjóri á hafskipi til strandsiglinga sem er minna en 500 brúttótonn skal:

6.1. hafa náð 20 ára aldri,

6.2. hafa að baki viðurkenndan siglingatíma, sem er eigi skemmri en 12 mánuðir, sem yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt,

6.3. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-II/3 í STCW-kóðanum fyrir skipstjóra á strandsiglingaskipum sem eru minni en 500 brúttótonn og

6.4. fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í 2. mgr. í þætti A-VI/1, 1.-4. mgr. í þætti A-VI/2, 1.-4. mgr. í þætti A-VI/3 og 1.-3. mgr. í þætti A-VI/4 í STCW-kóðanum.

Frávik.

7. Telji yfirvöld að vegna stærðar skipsins og notkunar þess sé ósanngjarnt eða óraunhæft að halda til hins ítrasta kröfum þessarar reglu og þáttar A-II/3 í STCW-kóðanum, er þeim heimilt að leyfa skipstjóra eða yfirmanni sem ber ábyrgð á siglingavakt á þess konar skipum eða flokki skipa, frávik frá sumum þessara krafna, að teknu tilliti til öryggis þeirra skipa sem kunna að vera starfrækt á sömu siglingaleiðum.

Regla II/4

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteinisem undirmaður sem gegnir störfum á siglingavakt.

1. Hver undirmaður, sem gegnir störfum á siglingavakt á hafskipi, sem er 500 brúttótonn eða stærra, að frátöldum þeim sem gangast undir þjálfun og þeim sem ekki þarfnast sérkunnáttu vegna starfa sinna á vaktinni, skal hafa fullnægjandi skírteini vegna slíkra skyldustarfa.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. hafa náð 16 ára aldri,

2.2. hafa að baki:

2.2.1. viðurkenndan siglingatíma með sex mánaða þjálfun og reynslu hið minnsta eða

2.2.2. sérstaka þjálfun, annaðhvort í landi eða um borð í skipi, þ.m.t. viðurkenndan siglingatíma sem er eigi skemmri en tveir mánuðir.

2.3. fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-II/4 í STCW-kóðanum.

3. Siglingatíminn, þjálfunin og reynslan, sem er krafist í liðum 2.2.1 og 2.2.2, skulu tengjast störfum á siglingavakt og fela m.a. í sér skyldustörf sem unnin eru undir beinu eftirliti skipstjóra, yfirmanns sem ber ábyrgð á siglingavakt eða undirmanns sem til þess hefur menntun og hæfi.

Regla II/5

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteinisem sérhæfður þilfarsliði.

1. Hver sérhæfður þilfarsliði á hafskipi sem er 500 brúttótonn eða stærra skal hafa viðeigandi réttindaskírteini.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. hafa náð 18 ára aldri,

2.2. fullnægja þeim kröfum sem þarf til að fá útgefið réttindaskírteini sem undirmaður sem gegnir störfum á siglingavakt,

2.3. eftir að hafa öðlast menntun og hæfi til að starfa sem undirmaður sem gegnir störfum á siglingavakt, hafa viðurkenndan siglingatíma á þilfari, sem nemur:

2.3.1. að lágmarki 18 mánuðum eða

2.3.2. að lágmarki 12 mánuðum og hafa lokið viðurkenndri þjálfun.

2.4. fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-II/5 í STCW-kóðanum.

3. Samgöngustofa skal bera hæfniskröfur, sem krafist er fyrir háseta vegna réttindaskírteina, sem gefin eru út fyrir 1. janúar 2012, við þær sem tilgreindar eru fyrir réttindaskírteini í þætti A-II/5 í STCW-kóðanum og skulu ákveða þörfina, ef einhver er, á því að krefjast þess að þetta starfsfólk uppfæri menntun sína og hæfi.

4. Heimilt er að telja farmenn fullnægja kröfum þessarar reglu ef þeir hafa gegnt viðeigandi störfum á þilfari um 12 mánaða skeið hið minnsta síðustu 60 mánuði fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

III. KAFLI

Vélarúm

Regla III/1

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteini sem yfirmaðursem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt í mönnuðu vélarúmi eða vélstjóri sem er útnefndurvaktvélstjóri í vélarúmi sem er ómannað tímabundið.

1. Hver yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt í mönnuðu vélarúmi, eða vélstjóri sem er útnefndur vaktvélstjóri í vélarrúmi, sem er ómannað tímabundið á hafskipi, sem er knúið af aðalvél með 750 kW knúningsafli eða meira, skal hafa réttindaskírteini.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. hafa náð 18 ára aldri,

2.2. hafa lokið a.m.k. 12 mánaða samantlagðri verkþjálfun og viðurkenndum siglingatíma, sem hluta af viðurkenndri þjálfunarátætlun, sem felur í sér þjálfun um borð og fullnægir kröfum þáttar A-III/1 í STCW-kóðanum og er skráð í viðurkennda þjálfunarbók, eða að hafa lokið a.m.k. 36 mánaða samantlagðri verkþjálfun og viðurkenndum siglingatíma, þar af skulu a.m.k. 30 mánuðir vera siglingatími í vélarrúmi,

2.3. hafa staðið vaktir í vélarrúmi á tilskildum siglingatíma undir eftirliti yfirvélstjóra eða vélstjóra með menntun og hæfi um a.m.k. sex mánaða skeið,

2.4. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-III/1 í STCW-kóðanum og

2.5. fullnægja hæfniskröfunum, sem eru tilgreindar í 2. mgr. í þætti A-VI/1, 1.-4. mgr. í þætti A-VI/2, 1.-4. mgr. í þætti A-VI/3 og 1.-3. mgr. í þætti A-VI/4 í STCW-kóðanum.

Regla III/2

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteini sem yfirvélstjóriog 2. vélstjóri á skipum knúnum af aðalvél með 3000 kW knúningsafli eða meira.

1. Hver yfirvélstjóri og 2. vélstjóri á hafskipum, sem eru knúin af aðalvél með 3000 kW knúningsafli eða meira, skal hafa réttindaskírteini.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. fullnægja kröfum til að fá útgefið réttindaskírteini sem yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt á hafskipum, sem eru knúin af aðalvél með 750 kW knúningsafli eða meira, og hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem er:

2.1.1. a.m.k. 12 mánuðir sem vélstjóri með menntun og hæfi til að fá útgefið réttindaskírteini sem 2. vélstjóri og

2.1.2. a.m.k. 36 mánuði til að fá útgefið réttindaskírteini sem yfirvélstjóri; þó er heimilt að stytta þennan tíma í 24 mánuði hið minnsta ef umsækjandi hefur starfað sem 2. vélstjóri a.m.k. 12 mánuði af slíkum siglingatíma,

2.2. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-III/2 í STCW-kóðanum.

Regla III/3

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteini sem yfirvélstjóriog 2. vélstjóri á skipum sem eru knúin af aðalvél með knúningsafliá bilinu 750 til 3000 kW.

1. Hver yfirvélstjóri og 2. vélstjóri á hafskipum, sem eru knúin af aðalvél með knúningsafli á bilinu 750 til 3000 kW, skulu hafa réttindaskírteini.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. fullnægja kröfum til að fá útgefið réttindaskírteini sem yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt og:

2.1.1. hafa að baki a.m.k. 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma sem aðstoðarvélstjóri eða vélstjóri til að fá útgefið réttindaskírteini sem 2. vélstjóri og

2.1.2. hafa að baki a.m.k. 24 mánaða viðurkenndan siglingatíma, þar af a.m.k. 12 mánaða starf eftir að hafa öðlast menntun og hæfi til að starfa sem 2. vélstjóri, til að fá útgefið réttindaskírteini sem yfirvélstjóri.

2.2. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-III/3 í STCW-kóðanum.

3. Hver sá vélstjóri, sem hefur menntun og hæfi til að starfa sem 2. vélstjóri á skipum sem eru knúin af aðalvél með 3000 kW knúningsafli eða meira, má starfa sem yfirvélstjóri á skipum sem eru knúin af aðalvél með minna en 3000 kW knúningsafli enda hafi hann áritun um það á skírteini sínu.

Regla III/4

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteini sem undirmaðursem gegnir störfum á vakt í mönnuðu vélarrúmi eða er settur til að gegna skyldustörfum í vélarrúmi sem er ómannað tímabundið.

1. Hver undirmaður, sem gegnir störfum á vakt í vélarrúmi eða er settur til að gegna skyldustörfum í vélarrúmi, sem er ómannað tímabundið, á hafskipi sem er knúið af aðalvél með 750 kW knúningsafli eða meira, að undanskildum undirmönnum sem gangast undir þjálfun og undirmönnum, sem gegna skyldustörfum sem krefjast ekki sérkunnáttu, skal hafa fullnægjandi skírteini til að gegna slíkum skyldustörfum.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. hafa náð 16 ára aldri,

2.2. hafa að baki:

2.2.1. viðurkenndan siglingatíma með sex mánaða þjálfun og reynslu hið minnsta eða

2.2.2. hafa sérstaka þjálfun, annaðhvort í landi eða um borð í skipi, þ.m.t. viðurkenndan siglingatíma sem er eigi skemmri en tveir mánuðir.

2.3. fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-III/4 í STCW-kóðanum.

3. Siglingatíminn, þjálfunin og reynslan, sem er krafist í liðum 2.2.1 og 2.2.2, skulu tengjast störfum við vaktir í vélarrúmi og fela í sér skyldustörf sem eru unnin undir beinu eftirliti vélstjóra með menntun og hæfi eða undirmanns með menntun og hæfi.

Regla III/5

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteini sem sérhæfðurvélarliði sem gegnir störfum í mönnuðu vélarrúmi eða er settur til að gegna skyldustörfum í vélarrúmi sem er ómannað tímabundið.

1. Hver sérhæfður vélarliði sem starfar á hafskipi, sem er knúið af aðalvél með 750 kW knúningsafli eða meira, skal hafa viðeigandi réttindaskírteini.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. hafa náð 18 ára aldri,

2.2. fullnægja kröfunum sem til þarf til að fá útgefið réttindaskírteini sem undirmaður sem gegnir störfum á vakt í mönnuðu vélarrúmi eða er settur til að gegna skyldustörfum í vélarrúmi sem er ómannað tímabundið,

2.3. eftir að hafa öðlast menntun og hæfi til að starfa sem undirmaður sem gegnir störfum á vélstjórnarvakt, hafa viðurkenndan siglingatíma í vélarrúmi sem nemur:

2.3.1. a.m.k. 12 mánuðum eða

2.3.2. a.m.k. sex mánuðum og hafa lokið viðurkenndri þjálfun.

2.4. fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-III/5 í STCW-kóðanum.

3. Samgöngustofa skal bera saman hæfniskröfurnar, sem voru settar vegna réttindaskírteina undirmanna í vélarrúmi, sem voru gefin út fyrir 1. janúar 2012, og hæfniskröfurnar, sem eru tilgreindar fyrir réttindaskírteini í þætti A-III/5 í STCW-kóðanum, og ákveða hvort krefjast þurfi að handhafar þessara skírteina uppfæri menntun sína og hæfi.

4. Samgöngustofu er heimilt að telja farmenn fullnægja kröfum þessarar reglu ef þeir hafa gegnt tilskildum störfum í vélarrúmi um 12 mánaða skeið hið minnsta síðustu 60 mánuði fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

Regla III/6

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fáútgefið réttindaskírteini sem skiparafvirki.

1. Hver skiparafvirki á hafskipum, sem eru knúin af aðalvél með 750 kW knúningsafli eða meira, skal hafa réttindaskírteini.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. hafa náð 18 ára aldri,

2.2. hafa lokið a.m.k. 12 mánaða samanlagðri verkþjálfun og viðurkenndum siglingatíma, þar af skulu a.m.k. sex mánuðir vera siglingatími sem er hluti af viðurkenndri þjálfunaráætlun, sem fullnægir kröfum þáttar A-III/6 í STCW-kóðanum og er skráð í viðurkennda þjálfunarbók, eða að hafa lokið a.m.k. 36 mánaða samanlagðri verkþjálfun og viðurkenndum siglingatíma, þar af skulu a.m.k. 30 mánuðir vera siglingatími í vélarrúmi,

2.3. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-III/6 í STCW-kóðanum og

2.4. fullnægja hæfniskröfunum sem eru tilgreindar í 2. mgr. í þætti A-VI/1, 1.-4. mgr. í þætti A-VI/2, 1.-4. mgr. í þætti A-VI/3 og 1.-3. mgr. í þætti A-VI/4 í STCW-kóðanum.

3. Samgöngustofa skal bera saman þær hæfniskröfur, sem settar voru vegna skirteina skiparafvirkja, sem voru gefin út fyrir 1. janúar 2012, og hæfniskröfurnar, sem eru tilgreindar fyrir skirteini í þætti A-III/6 í STCW-kóðanum, og ákveða hvort krefjast þurfi að handhafar þessara skirteina uppfæri menntun sína og hæfi.

4. Samgöngustofu er heimilt að telja farmenn fullnægja kröfum þessarar reglu ef þeir hafa gegnt viðeigandi störfum um borð um 12 mánaða skeið hið minnsta síðustu 60 mánuði fyrir gildistöku þessarar reglugerðar og fullnægja hæfniskröfunum sem eru tilgreindar í þætti A-III/6 í STCW-kóðanum.

5. Þrátt fyrir framangreindar kröfur 1.-4. mgr., er Samgöngustofu heimilt að telja að einstaklingur með tilskilda menntun og hæfi geti annast tiltekin störf samkvæmt þætti A-III/6 í STCW-kóðanum.

Regla III/7

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteinisem aðstoðarmaður skiparafvirkja.

1. Hver aðstoðarmaður skiparafvirkja á skipum, sem eru knúin af aðalvél með 750 kW knúningsafli eða meira, skulu vera handhafar viðeigandi réttindaskírteinis.

2. Umsækjandi um útgáfu réttindaskírteinis skal:

2.1. hafa náð 18 ára aldri,

2.2. hafa lokið viðurkenndum siglingatíma með a.m.k. 12 mánaða þjálfunar- og reynslutíma eða

2.3. hafa lokið viðurkenndri þjálfun, þ.m.t. a.m.k. sex mánaða viðurkenndum siglingatíma eða

2.4. hafa menntun og hæfi sem fullnægir tæknilegri hæfni í töflu A-III/7 í STCW-kóðanum og a.m.k. þriggja mánaða viðurkenndan siglingatíma og

2.5. fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-III/7 í STCW-kóðanum.

3. Samgöngustofa skal bera saman hæfniskröfurnar, sem settar voru vegna skirteina aðstoðarmanna skiparafvirkja, sem voru gefin út fyrir 1. janúar 2012, og hæfniskröfurnar, sem eru tilgreindir fyrir skirteinið í þætti A-III/7 í STCW-kóðanum, og ákveða hvort krefjast þurfi að handhafar þessara skirteina uppfæri menntun sína og hæfi.

4. Heimilt er að telja farmenn fullnægja kröfum þessarar reglu ef þeir hafa gegnt viðeigandi störfum um borð í skipi um 12 mánaða skeið hið minnsta síðustu 60 mánuði fyrir gildistöku þessarar reglugerðar og fullnægja hæfniskröfunum sem eru tilgreindar í þætti A-III/7 í STCW-kóðanum.

5. Þrátt fyrir framangreindar kröfur 1.-4. mgr., er heimilt að telja að einstaklingur með tilskilda menntun og hæfi geti annast tiltekin störf samkvæmt þætti A-III/7.

IV. KAFLI

Þráðlaus fjarskipti og fjarskiptamenn.

Til skýringar.

Lögboðin ákvæði um vaktstöðu í fjarskiptastöðvum er að finna í alþjóðafjarskiptareglunum og SOLAS-samþykktinni með áorðnum breytingum. Ákvæði um viðhald fjarskiptabúnaðar er að finna í SOLAS-samþykktinni, með áorðnum breytingum, og í leiðbeiningum sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt.

Regla IV/1

Beiting.

1. Með fyrirvara um ákvæðin í 2. lið gilda ákvæði þessa kafla um fjarskiptamenn á skipum, sem eru starfrækt í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfinu), eins og mælt er fyrir um í SOLAS-samþykktinni, með áorðnum breytingum.

2. Fjarskiptamenn á skipum, sem ekki er gert skylt, skv. IV. kafla SOLAS-samþykktarinnar, að hlíta ákvæðum GMDSS-kerfisins, þurfa ekki að fullnægja ákvæðunum í þessum kafla. Fjarskiptamenn á þeim skipum þurfa engu að síður að hlíta alþjóðafjarskiptareglunum. Sjá skal til þess að slíkir fjarskiptamenn fái útgefin eða viðurkennd skirteini, eins og mælt er fyrir um í alþjóðafjarskiptareglunum.

Regla IV/2

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að fá útgefið réttindaskírteinisem GMDSS-fjarskiptamaður.

1. Hver sá sem ber ábyrgð á eða sinnir skyldustörfum við fjarskipti á skipi, sem er skylt að taka þátt í GMDSS-kerfinu, skal hafa viðeigandi skirteini með tilvísun til þess kerfis, útgefið eða viðurkennt af hálfu aðildarríkis í samræmi við ákvæði alþjóðafjarskiptareglanna.

2. Að auki skal sá sem sækir um útgáfu réttindaskírteinis, samkvæmt þessari reglu, til að starfa á skipi, sem skal búið fjarskiptabúnaði samkvæmt SOLAS-samþykktinni, með áorðnum breytingum:

2.1. hafa náð 18 ára aldri og

2.2. hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í þætti A-IV/2 í STCW-kóðanum.

V. KAFLI

Sérstakar kröfur um þjálfun sem eru gerðar til farmannasem starfa á tilteknum gerðum skipa.

Regla V/1-1

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna þjálfunar og menntunar og hæfni skipstjóra, annarra yfirmanna og undirmanna á olíu- og efnaflutningaskipum.

1. Yfirmenn og undirmenn, sem settir eru til ákveðinna skyldu- og ábyrgðarstarfa sem tengjast farmi eða farmbúnaði í olíu- eða efnaflutningaskipum, skulu vera handhafar viðeigandi skírteina um að þeir hafi lokið grunnþjálfun í tengslum við vinnu við farm á olíu- og efnaflutningaskipum.

2. Hver umsækjandi um skírteini fyrir grunnþjálfun í tengslum við vinnu við farm á olíu- og efnaflutningaskipum skal hafa lokið grunnþjálfun í samræmi við ákvæðin í þætti A-VI/1 í STCW-kóðanum með því að hafa lokið:

2.1. að lágmarki þriggja mánaða viðurkenndum siglingatíma á olíu- eða efnaflutningaskipum og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í 1. mgr. í þætti A-V/1-1 í STCW-kóðanum eða

2.2. viðurkenndri grunnþjálfun í tengslum við vinnu við farm á olíu- og efnaflutningaskipum og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í 1. mgr. í þætti A-V/1-1 í STCW-kóðanum.

3. Skipstjórar, yfirvélstjórar, yfirstýrimenn, 2. vélstjórar og aðrir þeir sem bera beina ábyrgð á lestun, losun, eftirliti með flutningi, meðferð farms, hreinsun farmgeyma eða annarri starfsemi í tengslum við farm á olíuflutningaskipum, skulu vera handhafar skírteinis um að hafa lokið framhaldsþjálfun í tengslum við vinnu við farm á olíuflutningaskipum.

4. Hver umsækjandi um skírteini vegna framhaldsþjálfunar í tengslum við vinnu við farm á olíuflutningaskipum skal:

4.1. fullnægja kröfunum um skírteini vegna grunnþjálfunar í tengslum við vinnu við farm á olíu- og efnaflutningaskipum og

4.2. ásamt því að uppfylla skilyrði fyrir útgáfu skírteinis vegna grunnþjálfunar í tengslum við vinnu við farm á olíu- og efnaflutningaskipum:

4.2.1. hafa a.m.k. þriggja mánaða viðurkenndan siglingatíma á olíuflutningaskipum eða

4.2.2. hafa a.m.k. eins mánaðar viðurkennda þjálfun sem aukamaður um borð í olíuflutningaskipum, sem felur í sér a.m.k. þrjár lestunaraðgerðir og þrjár losunaraðgerðir sem er skráð í viðurkennda þjálfunarbók, með tilliti til leiðbeininganna í þætti B-V/1 í STCW-kóðanum.

4.3. hafa lokið viðurkenndri framhaldsþjálfun í tengslum við vinnu við farm á olíuflutningaskipum og fullnægja hæfniskröfunum sem eru tilgreindar í 2. mgr. í þætti A-V/1-1 í STCW-kóðanum.

5. Skipstjórar, yfirvélstjórar, yfirstýrimenn, 2. vélstjórar og aðrir þeir sem bera beina ábyrgð á lestun, losun, eftirliti með flutningi, meðferð farms, hreinsun farmgeyma eða annarri starfsemi í tengslum við farm á efnaflutningaskipum, skulu geta framvísað skírteini um að þeir hafi lokið framhaldsþjálfun í tengslum við vinnu við farm á efnaflutningaskipum.

6. Hver umsækjandi um skírteini vegna framhaldsþjálfunar í tengslum við vinnu við farm á efnaflutningaskipum skal:

6.1. fullnægja kröfunum um skírteini vegna grunnþjálfunar í tengslum við vinnu við farm á olíu- og efnaflutningaskipum og

6.2. ásamt því að uppfylla skilyrði fyrir útgáfu skírteinis vegna grunnþjálfunar í tengslum við vinnu við farm á olíu- og efnaflutningaskipum hafa:

6.2.1. a.m.k. þriggja mánaða viðurkenndan siglingatíma á efnaflutningaskipum eða

6.2.2. a.m.k. einn mánuð í viðurkenndri þjálfun sem aukamaður um borð í efnaflutningaskipum, sem felur í sér a.m.k. þrjár lestunaraðgerðir og þrjár losunaraðgerðir sem er skráð í viðurkennda þjálfunarbók, með tilliti til leiðbeininganna í þætti B-V/1 í STCW-kóðanum.

6.3. hafa lokið viðurkenndri framhaldsþjálfun í tengslum við vinnu við farm á efnaflutningaskipum og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í 3. mgr. í þætti A-V/1-1 í STCW-kóðanum.

7. Samgöngustofa gefur út hæfnisskírteini til farmanna sem fullnægt hafa skilyrðum um menntun og hæfi í samræmi við 2., 4. eða 6. mgr., eins og við á. Samgöngustofa áritar réttindaskírteini eða hæfnisskírteini gefin út í samræmi við 2., 4. eða 6. mgr.

Regla V/1-2

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna þjálfunar og menntunar og hæfni skipstjóra, annarra yfirmanna og undirmanna á gasflutningaskipum.

1. Yfirmenn og undirmenn, sem settir eru til ákveðinna skyldu- og ábyrgðarstarfa í tengslum við farm eða farmbúnað í gasflutningaskipum, skulu vera handhafar viðeigandi skírteina um að þeir hafi lokið grunnþjálfun í tengslum við vinnu við farm á gasflutningaskipum.

2. Hver umsækjandi um skírteini vegna grunnþjálfunar í tengslum við vinnu við farm á gasflutningaskipum skal hafa lokið grunnþjálfun í samræmi við ákvæðin í þætti A-VI/1 í STCW-kóðanum og skal hafa lokið:

2.1. a.m.k. þriggja mánaða viðurkenndum siglingatíma á gasflutningaskipum og fullnægja hæfniskröfunni, sem er tilgreind í 1. mgr. í þætti A-V/1-2 í STCW-kóðanum, eða

2.2. viðurkenndri grunnþjálfun í tengslum við vinnu við farm á gasflutningaskipum og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í 1. mgr. í þætti A-V/1-2 í STCW-kóðanum.

3. Skipstjórar, yfirvéltjórar, yfirstýrimenn, 2. vélstjórar og aðrir þeir sem bera beina ábyrgð á lestun, losun, eftirliti með flutningi, meðferð farms, hreinsun farmgeyma eða annarri starfsemi í tengslum við farm á gasflutningaskipum, skulu hafa skírteini um að þeir hafi lokið framhaldsþjálfun í tengslum við vinnu við farm á gasflutningaskipum.

4. Hver umsækjandi um skírteini vegna framhaldsþjálfunar í tengslum við vinnu við farm á gasflutningaskipum skal:

4.1. fullnægja kröfunum um skírteini vegna grunnþjálfunar í tengslum við vinnu við farm á gasflutningaskipum og

4.2. ásamt því að uppfylla skilyrði fyrir útgáfu skírteinis vegna grunnþjálfunar í tengslum við vinnu við farm á gasflutningaskipum hafa:

4.2.1. a.m.k. þriggja mánaða viðurkenndan siglingatíma á gasflutningaskipum eða

4.2.2. a.m.k. einn mánuð af viðurkenndri þjálfun sem aukamaður um borð á gasflutningaskipum, sem felur í sér a.m.k. þrjár lestunaraðgerðir og þrjár losunaraðgerðir sem er skráð í viðurkennda þjálfunarbók, með tilliti til leiðbeininganna í þætti B-V/1 í STCW-kóðanum og

4.3. hafa lokið viðurkenndri framhaldsþjálfun í tengslum við vinnu við farm á gasflutningaskipum og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í 2. mgr. í þætti A-V/1-2 í STCW-kóðanum.

5. Samgöngustofa skal tryggja að útgefið sé réttindaskírteini fyrir farmenn, sem hafa menntun og hæfi í samræmi við 2. eða 4. mgr., eins og við á, eða að réttindaskírteini eða hæfnisskírteini, sem er þegar fyrir hendi, fái viðeigandi áritun.

Regla V/2

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna þjálfunar og menntunar og hæfi skipstjóra, yfirmanna, undirmanna og annarra starfsmanna á farþegaskipum.

1. Þessi regla gildir um skipstjóra, yfirmenn, undirmenn og aðra starfsmenn um borð í farþegaskipum í millilandasiglingum. Samgöngustofu er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar reglu gagnvart þeim sem starfa á farþegaskipum í innanlandssiglingum.

2. Áður en þeim eru falin skyldustörf um borð skulu allir starfsmenn um borð í farþegaskipi, uppfylla kröfur 1. mgr. þáttar A-VI/1 í STCW-kóðanum.

3. Skipstjórar, yfirmenn, undirmenn og aðrir starfsmenn um borð í farþegaskipum skulu ljúka þeirri þjálfun og kynningu, sem er krafist skv. 5.-9. mgr. hér á eftir, í samræmi við stöðu sína, skyldustörf og ábyrgð.

4. Skipstjórar, yfirmenn, undirmenn og aðrir starfsmenn, sem krafist er að hljóti þjálfun í samræmi við 7. og 9. mgr. hér á eftir, skulu afla sér viðeigandi upprifjunarþjálfunar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti eða færa sönnur á að þeir hafi tileinkað sér tilskilda hæfni á næstliðnum fimm árum.

5. Starfsmenn um borð í farþegaskipum skulu ljúka við kynningu varðandi neyðarástand um borð í farþegaskipi, sem er viðeigandi fyrir stöðu þeirra, skyldustörf og ábyrgð, eins og tilgreint er í 1. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.

6. Starfsmenn, sem veita farþegum í farþegarými um borð í farþegaskipum beina þjónustu, skulu ljúka þjálfunarnámskeiði um öryggismál sem er tilgreint í 2. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.
7. Skipstjórar, yfirmenn og undirmenn, sem hafa menntun og hæfi í samræmi við II., III. og VII. kafla þessa viðauka, og aðrir starfsmenn sem hafa með höndum, samkvæmt neyðaráætlun (e. *muster list*), það verkefni að aðstoða farþega um borð í farþegaskipum í neyðartilvikum skulu ljúka þjálfun í hópstjórnun fólks um borð í farþegaskipi eins og tilgreint er í 3. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.
8. Skipstjórar, yfirvélstjórar, yfirstýrimenn, 2. vélstjórar og allir aðrir starfsmenn sem hafa með höndum, samkvæmt neyðaráætlun, ábyrgðarstörf vegna öryggis farþega í neyðartilvikum um borð í farþegaskipum skulu ljúka viðurkenndri þjálfun í neyðarstjórnun og mannlegri hegðun eins og tilgreint er í 4. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.
9. Skipstjórar, yfirstýrimenn, yfirvélstjórar, 2. vélstjórar og allir aðrir sem hafa með höndum bein ábyrgðarstörf vegna ferða farþega um borð og frá borði, lestunar, losunar eða frágangs á farmi eða lokunar opa á byrðingi ekjufarþegaskips skulu hafa lokið viðurkenndri þjálfun vegna öryggis farþega og farms og heilleika byrðings, eins og tilgreint er í 5. mgr. þáttar A-V/2 í STCW-kóðanum.
10. Sjómannaskólar, í umboði Samgöngustofu, eða stofnunin sjálf, gefa út viðeigandi skírteini til þeirra sem sannanlega hafa lokið viðeigandi þjálfun, í samræmi við ákvæði 6.-9. mgr. þessarar reglu.

Regla V/3

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna þjálfunar, menntunar og hæfi skipstjóra, yfirmanna, undirmanna og annarra starfsmanna á skipum sem falla undir IGF-kóðann.

1. Þessi regla gildir um skipstjóra, yfirmenn, undirmenn og aðra starfsmenn um borð í skipum sem falla undir IGF-kóðann.
2. Áður en farmönnum eru falin skyldustörf um borð í skipum, sem falla undir IGF-kóðann, skulu þeir hafa lokið þeirri þjálfun sem er krafist skv. 4.-9. mgr. hér á eftir í samræmi við stöðu sína, skyldustörf og ábyrgð.
3. Allir farmenn sem starfa um borð í skipum, sem falla undir IGF-kóðann, skulu, áður en þeim eru falin skyldustörf um borð, hljóta viðeigandi kynningu á skipinu og búnaði þess, eins og tilgreint er í d-lið 1. mgr. 14. mgr. tilskipunarinnar.
4. Farmenn, sem bera ábyrgð á tilteknum öryggisstörfum varðandi meðhöndlun, notkun eða viðbúnað vegna eldsneytis um borð í skipum, sem falla undir IGF-kóðann, skulu vera handhafar skírteinis um grunnþjálfun til starfa á skipum sem falla undir IGF-kóðann.
5. Hver umsækjandi um skírteini vegna grunnþjálfunar til starfa á skipum, sem falla undir IGF-kóðann, skal hafa lokið grunnþjálfun í samræmi við ákvæði í 1. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum.
6. Farmenn sem bera ábyrgð á tilteknum öryggisstörfum varðandi meðhöndlun, notkun eða viðbúnað vegna eldsneytis um borð í skipum, sem falla undir IGF-kóðann, sem hafa menntun og hæfi og eru handhafar skírteinis í samræmi við 2. og 5. mgr. í reglu V/1-2 eða 4. og 5. mgr. í reglu V/1-2 um gasflutningaskip, skulu teljast hafa uppfyllt kröfurnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum fyrir grunnþjálfun til starfa á skipum sem falla undir IGF-kóðann.
7. Skipstjórar, vélstjórar og allir starfsmenn sem bera beina ábyrgð á meðhöndlun og notkun eldsneytis og eldsneytiskerfa í skipum, sem falla undir IGF-kóðann, skulu vera handhafar skírteinis fyrir framhaldsþjálfun til starfa á skipum sem falla undir IGF-kóðann.
8. Hver umsækjandi um skírteini fyrir framhaldsþjálfun til starfa á skipum, sem falla undir IGF-kóðann, skal, samhliða því að vera handhafi hæfnisskírteinisins sem lýst er í 4. mgr., hafa lokið:
 - 8.1 viðurkenndri framhaldsþjálfun til starfa á skipum, sem falla undir IGF-kóðann, og fullnægja hæfniskröfunni sem er tilgreind í 2. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum og
 - 8.2 a.m.k. einum mánuði af viðurkenndum siglingatíma, sem felur í sér a.m.k. þrjár eldsneytistökur um borð í skipum sem falla undir IGF-kóðann. Heimilt er að skipta tveimur af þessum þremur eldsneytistöku út fyrir viðurkennda hermíþjálfun í eldsneytistöku sem hluta af þeirri þjálfun sem um getur í lið 8.1 hér að framan.

9. Skipstjórar, vélstjórar og aðrir starfsmenn sem bera beina ábyrgð á meðhöndlun og notkun eldsneytis um borð í skipum, sem falla undir IGF-kóðann, sem hafa menntun og hæfi og eru handhafar skírteina í samræmi við hæfniskröfurnar, sem tilgreindar eru í 2. mgr. þáttar A-V/1-2 í STCW-kóðanum, til starfa á gasflutningaskipum, skulu teljast hafa uppfyllt kröfurnar sem tilgreindar eru í 2. mgr. þáttar A-V/3 í STCW-kóðanum um framhaldsbjálfun um borð í skipum sem falla undir IGF-kóðann, að því tilskildu að þeir hafi einnig:
- 9.1 uppfyllt kröfurnar í 6. mgr.,
 - 9.2 uppfyllt kröfurnar um eldsneytistöku í lið 8.2 eða hafa þrisvar sinnum tekið þátt í vinnu við farm um borð í gasflutningaskipinu og
 - 9.3 lokið þriggja mánaða siglingatíma á næstliðnum fimm árum um borð:
 - 9.3.1 í skipum sem falla undir IGF-kóðann,
 - 9.3.2 í tankskipum sem flytja eldsneyti, sem falla undir IGF-kóðann, eða
 - 9.3.3 í skipum sem nota gas eða eldsneyti með lágu blossomarki sem eldsneyti.
10. Samgöngustofa eða aðilar sem stofnunin felur það skulu gefa út hæfnisskírteini fyrir farmenn, sem hafa menntun og hæfi í samræmi við 4. eða 7. mgr., eins og við á.
11. Þeir farmenn sem eru handhafar hæfnisskírteinis, í samræmi við 4. eða 7. mgr. hér að framan, skulu afla sér viðeigandi upprifjunarbjálfunar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti eða færa sönnur á að þeir hafi tileinkað sér tilskilda hæfni á næstliðnum fimm árum.

Regla V/4

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna bjálfunar og menntunar og hæfi skipstjóra og yfirmanna á þilfari um borð í skipum sem sigla á heimskaudahafsvæðum.

1. Skipstjórar, yfirstýrimenn og yfirmenn, sem bera ábyrgð á siglingavakt um borð í skipum sem sigla á heimskaudahafsvæðum, skulu vera handhafar skírteinis fyrir grunnbjálfun um borð í skipum sem sigla á heimskaudahafsvæðum, eins og krafist er samkvæmt pólkóðanum.
2. Hver umsækjandi um skírteini fyrir grunnbjálfun um borð í skipum sem sigla á heimskaudahafsvæðum skal hafa lokið viðurkenndri grunnbjálfun um borð í skipum sem sigla á heimskaudahafsvæðum og uppfylla hæfniskröfuna sem tilgreind er í 1. mgr. þáttar A-V/4 í STCW-kóðanum.
3. Skipstjórar og yfirstýrimenn um borð í skipum sem sigla á heimskaudahafsvæðum skulu vera handhafar skírteinis fyrir framhaldsbjálfun um borð í skipum sem sigla á heimskaudahafsvæðum, eins og krafist er samkvæmt pólkóðanum.
4. Hver umsækjandi um skírteini fyrir framhaldsbjálfun um borð í skipum sem sigla á heimskaudahafsvæðum skal:
 - 4.1 uppfylla kröfurnar um útgáfu skírteinis fyrir grunnbjálfun um borð í skipum sem sigla á heimskaudahafsvæðum,
 - 4.2 hafa a.m.k. tveggja mánaða viðurkenndan siglingatíma á þilfari, á stjórnunarsviði eða við vaktstöðuskyldu á rekstrarsviði, á heimskaudahafsvæðum eða hafa annan sambærilegan, viðurkenndan siglingatíma og
 - 4.3 hafa lokið viðurkenndri framhaldsbjálfun um borð í skipum sem sigla á heimskaudahafsvæðum og uppfylla hæfniskröfuna sem er tilgreind í 2. mgr. þáttar A-V/4 í STCW-kóðanum.
5. Samgöngustofa eða aðilar sem stofnunin felur það skulu gefa út hæfnisskírteini fyrir farmenn sem hafa menntun og hæfi í samræmi við 2. eða 4. mgr., eins og við á.

6. Til og með 1. júlí 2020 skulu farmenn, sem hófu að safna viðurkenndum siglingatíma á heimskautahafsvæðum fyrir 1. júlí 2018, geta sýnt fram á að þeir uppfylli kröfurnar skv. 2. mgr. með því að:
- 6.1 hafa lokið viðurkenndum siglingatíma um borð í skipi sem siglir á heimskautahafsvæðum eða sambærilegum viðurkenndum siglingatíma á þílfari, á stjórnunarsviði eða rekstrarsviði, í a.m.k. þrjá mánuði samanlagt á næstliðnum fimm árum eða
 - 6.2 hafa lokið, með fullnægjandi árangri, þjálfunarnámskeiði sem er skipulagt í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um þjálfun um borð í skipum sem sigla á heimskautahafsvæðum.
7. Til og með 1. júlí 2020 skulu farmenn, sem hófu að safna viðurkenndum siglingatíma á heimskautahafsvæðum fyrir 1. júlí 2018, geta sýnt fram á að þeir uppfylli kröfurnar skv. 4. mgr. með því að:
- 7.1 hafa lokið viðurkenndum siglingatíma um borð í skipi sem siglir á heimskautahafsvæðum eða sambærilegum viðurkenndum siglingatíma á þílfari, á stjórnunarsviði eða rekstrarsviði, í a.m.k. þrjá mánuði samanlagt á næstliðnum fimm árum eða
 - 7.2 hafa lokið, með fullnægjandi árangri, þjálfunarnámskeiði, í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um þjálfun um borð í skipum sem sigla á heimskautahafsvæðum og hafa lokið viðurkenndum siglingatíma um borð í skipi sem siglir á heimskautahafsvæði eða sambærilegum viðurkenndum siglingatíma við störf á þílfari á stjórnunarsviði í a.m.k. tvo mánuði samanlagt á næstliðnum fimm árum.

VI. KAFLI

Neyðartilvik, vinnuvernd, siglingavernd, læknishjálp og björgun mannlífa.

Regla VI/1

Lögboðnar lágmarkskröfur til allra farmanna vegna kynningarfræðslu, grunnþjálfunar og kennslu um öryggismál.

1. Farmenn skulu fá kynningarfræðslu og hljóta grunnþjálfun eða kennslu í samræmi við þátt A-VI/1 í STCW-kóðanum og skulu að þeirri kynningu, grunnþjálfun og kennslu lokinni fullnægja viðeigandi hæfnisstaðli sem þar er tilgreindur.

2. Sé kynningarfræðsla, grunnþjálfun og kennsla samkvæmt A-VI/1 í STCW-kóðanum ekki hluti þess sem krafist er til þess að fá útgefið viðkomandi réttindaskírteini, skal gefa út hæfnisskírteini þar sem fram kemur að handhafi þess hafi sótt námskeið í grunnþjálfun og kennslu til samræmis við A-VI/1 í STCW-kóðanum.

Regla VI/2

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna útgáfu hæfnisskírteina í meðferð björgunarfara, léttbáta og hraðskreiðra léttbáta.

1. Umsækjandi um hæfnisskírteini í meðferð björgunarfara og léttbáta, annarra en hraðskreiðra léttbáta, skal:

1.1. hafa náð 18 ára aldri,

1.2. hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem er eigi skemmri en 12 mánuðir eða hafa sótt viðurkennt þjálfunarnámskeið og hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem er eigi skemmri en sex mánuðir,

1.3. fullnægja þeim hæfniskröfum vegna hæfnisskírteina í meðferð björgunarfara og léttbáta sem eru settar fram í 1.-4. mgr. þáttar A-VI/2 í STCW-kóðanum.

2. Umsækjandi um hæfnisskírteini í meðferð hraðskreiðra léttbáta skal:

2.1. vera handhafi hæfnisskírteinis í meðferð björgunarfara og léttbáta, annarra en hraðskreiðra léttbáta,

2.2. hafa sótt viðurkennt þjálfunarnámskeið og

2.3. fullnægja þeim hæfniskröfum vegna hæfnisskírteina í meðferð hraðskreiðra léttbáta sem eru settar fram í 7.-10. mgr. þáttar A-VI/2 í STCW-kóðanum.

Regla VI/3

Lögboðnar lágmarkskröfur um framhaldsþjálfun vegna slökkvistarfa og eldvarna.

1. Farmenn, sem er falin stjórn slökkvistarfa og eldvarna, skulu hafa lokið með viðunandi árangri framhaldsþjálfun í aðferðum við slökkvistarf með sérstakri áherslu á skipulag, aðferðir og stjórnun í samræmi við 1.-4. mgr. þáttar A-VI/3 í STCW-kóðanum og fullnægja hæfniskröfunni sem tilgreind er þar.

2. Sé framhaldsþjálfun í slökkvistörfum og eldvörnum ekki hluti þess sem krafist er til þess að fá útgefið viðkomandi réttindaskírteini, skal gefa út hæfnisskírteini, þar sem fram kemur að handhafi þess hafi sótt framhaldsnámskeið í slökkvistörfum og eldvörnum.

Regla VI/4

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna sjúkraumönnunar og læknishjálpar.

1. Farmenn, sem veita sjúkraumönnun um borð í skipi, skulu fullnægja þeim hæfniskröfum vegna sjúkraumönnunar sem eru tilgreindar í 1., 2. og 3. mgr. þáttar A-VI/4 í STCW-kóðanum.

2. Farmenn sem stjórna sjúkraumönnun um borð í skipi, skulu fullnægja þeim hæfniskröfum vegna læknishjálpar í skipum sem eru tilgreindar í 4., 5. og 6. mgr. þáttar A-VI/4 í STCW-kóðanum.

3. Sé þjálfun í sjúkraumönnun eða læknishjálpar ekki hluti þess sem krafist er til þess að fá útgefið viðkomandi réttindaskírteini, skal gefa út hæfnisskírteini þar sem fram kemur að handhafi þess hafi sótt námskeið í sjúkraumönnun eða læknishjálpar.

Regla VI/5

Lögboðnar lágmarkskröfur vegna útgáfu hæfnisskírteinatil að geta gegnt stöðu verndarfulltrúa skips.

1. Hver umsækjandi um hæfnisskírteini til að geta gegnt stöðu verndarfulltrúa skips skal:

1.1. hafa 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma hið minnsta eða viðeigandi siglingatíma og þekkingu á rekstri skips og

1.2. fullnægja þeim hæfniskröfum vegna hæfnisskírteina til að gegna stöðu verndarfulltrúi skips sem eru settar fram í 1.-4. mgr. þáttar A-VI/5 í STCW-kóðanum.

2. Sá sem fullnægt hefur skilyrðum um menntun og hæfi samkvæmt ákvæðum þessarar reglu á rétt á að fá útgefið hæfnisskírteini.

Regla VI/6

Lögboðnar lágmarkskröfur til allra farmanna vegna þjálfunar og kennslu um siglingavernd.

1. Farmenn skulu fá kynningu og hljóta þjálfun eða kennslu í tengslum við siglingavernd í samræmi við 1.-4. mgr. þáttar A-VI/6 í STCW-kóðanum og fullnægja viðeigandi hæfniskröfum sem þar eru tilgreindar.

2. Ef þjálfun og kennsla um verndarvitund er ekki hluti af því sem krafist er vegna viðkomandi skírteinis skal gefa út hæfnisskírteini þar sem fram kemur að handhafi þess hafi sótt þjálfun um verndarvitund.

3. Bera skal saman þá þjálfun eða kennslu í tengslum við vernd sem skírteinið krefst af farmönnum, sem eru handhafar eða geta sýnt fram á menntun og hæfi með skjalfestum gögnum áður en reglugerð þessi öðlast gildi, við þá sem tilgreind er í 4. mgr. þáttar A-VI/6 í STCW-kóðanum, og skal ákveða þörfina á að krefjast þess að þessir farmenn uppfæri menntun sína og hæfi.

Farmenn sem sinna verndarskyldum.

4. Farmenn sem sinna verndarskyldum skulu fullnægja hæfniskröfunum sem eru tilgreindar í 6.-8. mgr. þáttar A-VI/6 í STCW-kóðanum.

5. Ef þjálfun í verndarskyldum er ekki hluti af því sem krafist er vegna viðkomandi skírteinis skal gefa út hæfnisskírteini þar sem fram kemur að handhafi þess hafi sótt þjálfun í tengslum við verndarskyldur.

6. Samgöngustofa skal bera saman þær þjálfunarviðmiðanir í tengslum við siglingavernd sem gerðar eru til þeirra farmanna sem sinna verndarskyldum og eru handhafar eða geta sýnt fram á menntun og hæfi með skjalfestum gögnum áður en reglugerð þessi öðlast gildi, við þá sem tilgreind er í 8. mgr. í þætti A-VI/6 í STCW-kóðanum, og skal ákveða hvort þörf sé á að þessir farmenn uppfæri menntun sína og hæfi.

VII. KAFLI

Annars konar réttindaskírteini.

Regla VII/1

Útgáfa annars konar réttindaskírteina.

1. Þrátt fyrir þær kröfur sem eru gerðar vegna útgáfu réttindaskírteina í II. og III. kafla þessa viðauka er heimilt að gefa út annars konar skírteini en þau sem eru nefnd í reglum þessara kafla, eða leyfa útgáfu þeirra, enda sé eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

1.1. starfssvið og ábyrgðarstig, sem koma eiga fram á þessum skírteinum og áritunum, skulu vera meðal þeirra sem finna má í þáttum A-II/1, A-II/2, A-II/3, A-II/4, A-II/5, A-III/1, A-III/2, A-III/3, A-III/4, A-III/5 og A-IV/2 í STCW-kóðanum og skulu skilgreind með sama hætti,

1.2. umsækjendur skulu hafa lokið viðurkenndri menntun og þjálfun og fullnægja þeim hæfniskröfum sem mælt er fyrir um í viðeigandi þáttum STCW-kóðans og settar eru fram í þætti A-VII/1 í sama kóða og eiga við það starfssvið og ábyrgðarsvið sem eiga að koma fram á skirteinum og áritunum,

1.3. umsækjendur skulu hafa að baki viðurkenndan siglingatíma, eins og viðeigandi er fyrir þau starfssvið og ábyrgðarsvið sem eiga að koma fram á skirteininu; siglingatíminn skal eigi vera skemmri en sá sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla þessa viðauka; þó skal hann ekki vera skemmri en mælt er fyrir um í þætti A-VII/2 í STCW-kóðanum,

1.4. þeir umsækjendur um útgáfu réttindaskírteina, sem eiga að sinna siglingafræðistörfum á rekstrarsviði, skulu fullnægja gildandi kröfum reglnanna í IV. kafla, eftir því sem við á, til að geta sinnt tilteknum skyldustörfum við fjarskipti í samræmi við alþjóðafjarskiptareglurnar,

1.5. skirteinin skal gefa út í samræmi við kröfurnar í 5. gr. þessarar reglugerðar og ákvæðin sem koma fram í VII. kafla STCW-kóðans.

2. Ekki má gefa út skirteini samkvæmt þessum kafla nema Samgöngustofa hafi sent Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingarnar sem krafist er í STCW-samþykktinni.

Regla VII/2

Útgáfa réttindaskírteina farmanna.

Allir farmenn, sem hafa með höndum hlutverk eða gegna starfi, einu eða fleiri, sem tilgreint er:

1. í töflum A-II/1, A-II/2, A-II/3, A-II/4 eða A-II/5 í II. kafla STCW-kóðans,
 2. í töflum A-III/1, A-III/2, A-III/3, A-III/4 eða A-III/5 í III. kafla STCW-kóðans, eða
 3. í töflu A-IV/2 í IV. kafla sama kóða,
- skulu vera handhafar viðeigandi réttindaskírteina og/eða sérstakra skírteina til staðfestingar á hæfni.

Regla VII/3

Meginreglur um útgáfu annars konar skírteina.

1. Taki Samgöngustofa ákvörðun um að gefa út annars konar skirteini eða leyfa útgáfu þeirra, skal hún sjá til þess að eftirfarandi meginreglum sé fylgt:

1.1. einungis er heimilt að gefa út annars konar réttindaskirteini að tryggt sé a.m.k. jafnmikið öryggi á sjó og jafnmiklar mengunarvarnir og kveðið er á um í hinum köflunum og

1.2. hvert það fyrirkomulag sem viðhaft er á útgáfu annars konar skírteina samkvæmt þessum kafla skal vera með þeim hætti að tryggt sé að skirteinin séu jafngild þeim sem eru gefin út í samræmi við hina kaflana.

2. Meginreglan í 1. lið um að skirteinin skuli vera jafngild á að tryggja:

2.1. að farmenn, sem hafa skirteini í samræmi við II. og/eða III. kafla og farmenn sem hafa skirteini í samræmi við VII. kafla, geti starfað á skipum þar sem skipulag er með hefðbundnum hætti og skipum þar sem skipulag er öðruvísi og

2.2. að farmenn séu ekki þjálfaðir til svo sérhæfðra og afmarkaðra starfa um borð að þeim sé gert erfitt um vik að nýta færni sína annars staðar.

3. Þegar skirteini eru gefin út í samræmi við ákvæðin í þessum kafla skal fylgja eftirfarandi meginreglum:

3.1. óheimilt er að grípa til útgáfu annars konar skírteina í þeim tilgangi:

3.1.1. að fækka mönnum í áhöfn,

3.1.2. að draga úr styrk starfsstéttarinnar eða rýra gildi starfsmenntunar hjá farmönnum eða

3.1.3. að réttlæta það að einum og sama skirteinishafa séu fengin í hendur skyldustörf yfirmanns í vélarrúmi og yfirmanns á þilfari á einni og sömu vaktinni,

3.2. að sá sem er við stjórn skal heita skipstjóri og tilhögun við veitingu annars konar skírteina má hvorki rýra lagalega stöðu og lagalegt vald skipstjóra né annarra.

4. Meginreglurnar í 1. og 2. lið þessarar reglu skulu tryggja að hæfni yfirmanna sé viðhaldið, bæði á þilfari og í vélarrúmi.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Kröfur um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur.

1. Samkvæmt ákvæðum 8. gr. þessarar reglugerðar skulu farmenn uppfylla þær lágmarkskröfur sem kveðið er á um í töflu A-I um sjón við störf um borð í hafskipum og taka tillit til viðmiðana um líkamlegt atgervi og heilbrigði sem settar eru fram í 2. mgr. þessa viðauka. Einnig skal taka tillit til leiðbeininganna í B-hluta þessa viðauka og töflu B-I um mat á líkamlegu lágmarksatgervi farmanna.

Með þessum kröfum má, að því marki sem Samgöngustofa ákveður, með fyrirvara um öryggi farmanna eða skips, gera greinarmun á einstaklingum sem hyggjast hefja starfsferil á sjó og farmanna sem starfa nú þegar á sjó og á ólíkum störfum um borð, að teknu tilliti til þess að farmenn gegna ólíkum skyldum. Einnig skal taka tillit til hvers konar skerðingar eða sjúkdóms sem takmarkar getu farmanns til að gegna skyldum á gildistíma heilbrigðisvottorðs.

2. Farmenn skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a. hafa líkamlegt atgervi, að teknu tilliti til 5. mgr. hér á eftir, til að uppfylla allar kröfur um grunnþjálfun eins og krafist er í 2. mgr. í þætti A-VI/1 í STCW-kóðanum,
- b. hafa nægilega góða heyrn og talgetu til skilvirkra samskipta og geta numið hvers kyns hljóðviðvörðunarmerki,
- c. vera ekki haldnir sjúkdómum, röskun eða skerðingu sem hindrar þá í að sinna skyldum sínum eða bregðast við á neyðarstundu um borð í skipi, á gildistíma heilbrigðisvottorðs,
- d. vera ekki haldnir neinum sjúkdómi sem líkur eru á að versni við að starfa á sjó eða valdi því að farmenn séu óhæfir til slíkra starfa eða að þeir stofni heilsu annarra einstaklinga um borð í hættu og
- e. taka engin lyf með aukaverkanir sem ætla má að skerði dómgreind, jafnvægi, eða komi með einhverjum hætti í veg fyrir að þeir geti sinnt skyldum sínum eða brugðist við á neyðarstundu um borð í skipi.

3. Viðurkenndir læknar sem búa yfir nægilegri þekkingu og reynslu skulu framkvæma lækniSSkoðanir á farmönnum.

4. Samgöngustofa setur verklagsreglur og ferla um viðurkenningu lækna. Stofnunin heldur skrá yfir viðurkennda lækna og gerir hana aðgengilega öðrum aðilum að STCW-samþykktinni, félögum og farmönnum sé þess óskað.

5. Samgöngustofa skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd lækniSSkoðana og útgáfu heilbrigðisvottorða, að teknu tilliti til ákvæðanna í B-hluta þessa viðauka. Samgöngustofa skilgreinir að hvaða marki viðurkenndir læknar hafa sjálfðæmi um beitingu heilbrigðiskrafnanna, að teknu tilliti til þess að farmenn gegna ólíkum skyldum. Þó skulu þeir ekki hafa sjálfðæmi um lágmarkskröfur um sjón og fjarsýni með hjálpartækjum, nærsýni og litskyggni sem kveðið er á um í töflu A-I í þessum viðauka fyrir farmenn í þilfarsdeild sem þurfa að gegna útvarðarskyldum.

Samgöngustofa getur heimilað sjálfðæmi um beitingu þessara krafna með tilliti til farmanna í vélarúmi, enda uppfylli farmaðurinn kröfurnar sem settar eru fram í töflu A-I í þessum viðauka um meðalsjón.

6. Samgöngustofa setur verklagsreglur og ferli til að gera farmönnum sem uppfylla ekki, að undangenginni lækniSSkoðun, kröfurnar um líkamlegt atgervi eða hafa sætt takmörkunum um getu til starfa, sérstaklega með tilliti til tíma, starfssviðs eða farsviðs, kleift að láta endurskoða mál sín í samræmi við reglur um áfrýjun.

7. Heilbrigðisvottorðið sem kveðið er á um í 8. gr. þessarar reglugerðar skal innihalda eftirfarandi upplýsingar að lágmarki:

1 Stjórnvald og þær kröfur sem gilda um útgáfu skjalsins.

2 Upplýsingar um farmann.

- 2.1. Nafn: (skírnarnafn, miðnafn, eftirnafn).
- 2.2. Fæðingardagur: (dagur/mánuður/ár).
- 2.3. Kyn: (karlmaður/kvenmaður).
- 2.4. Þjóðerni.

3 Yfirlýsing viðurkennds læknis.

- 3.1. Voru skilríki til sönnunar á deili sannreynd við skoðun?: Já/Nei
- 3.2. Er heyrn í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka?: Já/Nei
- 3.3. Er heyrn án hjálpartækja fullnægjandi? Já/Nei
- 3.4. Er sjónskerpa í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka? Já/Nei

3.5. Er litskyggni⁽¹⁾ í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka? Já/Nei

3.5.1. Dagsetning síðasta litskyggniprófs.

3.6. Er viðkomandi hæfur til útvarðarskyldna? Já/Nei

3.7. Eru einhverjar takmarkanir eða hömlur á atgervi? Já/Nei

Ef „Já“ skal eftir atvikum tilgreina takmarkanir eða hömlur.

3.8. Er farmaðurinn laus við sjúkdóma sem líkur eru til að versni við það að starfa á sjó eða valda því að farmaðurinn sé óhæfur til slíkra starfa eða að hann stofni heilsu annarra einstaklinga um borð í hættu?: Já/Nei

3.9. Dagsetning skoðunar: (dagur/mánuður/ár).

3.10. Gildislokadagur skírteinis: (dagur/mánuður/ár).

4 Nafn stjórnvaldsins sem gefur út vottorðið.

4.1. Opinber stimpill (þ.m.t. nafn) stjórnvaldsins sem gefur út vottorðið.

4.2. Undirskrift viðurkennds læknis.

5 Undirskrift farmanns - staðfestir að farmaður hefur verið upplýstur um efni vottorðsins og um rétt til endurskoðunar í samræmi við 6. mgr. þessa viðauka.

8. Heilbrigðisvottorð skulu vera á íslensku ásamt þýðingu á ensku.

9. Heimilt er að beita prófun í aðgreiningu hliðarljósa (svonefndri lanternuprófun) vegna þeirra farmanna sem starfa nú þegar á sjó, en þess skal þá getið sérstaklega á augnvottorði.

Tafla A-I

Lágmarksviðmiðanir um sjón farmanna við störf um borð í hafskipum.

Regla í STCW - samþykktinni	Flokkar farmanna	Fjarsýni með gleraugum ¹⁾		Nærsjón	Litskyggni	Sjónsvið	Náttblinda ⁴⁾	Tvísýni (<i>double vision</i>) ⁴⁾
		Annað augað	Hitt augað	Bæði augu saman, með eða án hjálpartækja				
I/11	Skipstjórar, yfirmenn á þilfari og undirmenn sem standa vaktir í brú og gegna útvarðarskyldum	0,5 ²⁾	0,5	Sjónskerpa sem krafist er til að sigla skipi (t.d. lestur sjókorta og siglingarita, notkun tækja og búnaðar í brú og greining siglingamerkja)	Sjá aths. nr. 6	Eðlilegt sjónsvið	Sjónskerpa sem þarf til að framkvæma allar nauðsynlegar aðgerðir í myrkri án þess að hætta skapist	Ekki vart við teljandi sjúkdómseinkenni
II/1								
II/2								
II/3								
II/4								
II/5								
VII/2								
I/11	Allir vélstjórar, skiparafvirkjar, aðstoðarmenn skiparafvirkja og undirmenn eða aðrir sem gegna störfum á vélstjórnarvakt	0,4 ⁵⁾	0,4 ⁵⁾	Sjónskerpa sem þarf til að lesa á tæki í nálægð, að stjórna búnaði og til að greina kerfi/rafeindaíhluti eftir þörfum	Sjá aths. nr. 7	Eðlilegt sjónsvið	Sjónskerpa sem þarf til að framkvæma allar nauðsynlegar aðgerðir í myrkri án þess að hætta skapist	Ekki vart við teljandi sjúkdómseinkenni
III/1								
III/2								
III/3								
III/4								
III/5								
III/6								
III/7								
VII/2								

				kerfi/rafeindaíhluti eftir þörfum	Sjá aths. nr. 7	Eðlilegt sjónsvið	Sjónskerpa sem þarf til að framkvæma allar nauðsynlegar aðgerðir í myrkri án þess að hætta skapist	Ekki vart við teljandi sjúkdómseinkenni
--	--	--	--	-----------------------------------	-----------------	-------------------	--	---

Athugasemdir:

- 1) Gildi gefin upp í Snellen-tugflokkun.
- 2) Mælt er með gildi sem er a.m.k. 0,7 á öðru auga til að draga úr hættunni á að undirliggjandi augnsjúkdómur greinist ekki.
- 3) Samkvæmt skilgreiningu í Alþjóðlegum tilmælum um kröfur um litskyggni á sviði flutninga, gefnum út af Commission Internationale de l'Eclairage (CIE-143-2001, þ.m.t. síðari útgáfur).
- 4) Háð mati klíníks augnsérfræðings þar sem það er tilgreint eftir fyrstu niðurstöður skoðunar.
- 5) Sérhver starfsmaður í vélarúmi skal hafa sjón upp á minnst 0,4 samanlagt.
- 6) Viðmiðun CIE um litskyggni 1 eða 2.
- 7) Viðmiðun CIE um litskyggni 1, 2 eða 3.

(^[1]) Athugasemd: Einungis þarf að meta litskyggni á sex ára fresti.

B-HLUTI

Leiðbeiningar um heilbrigðiskröfur.

Læknisskoðanir og útgáfa heilbrigðisvottorða.

1. Þegar aðilar innleiða kröfur og ákvæði um heilbrigði farmanna ættu þeir að hafa hliðsjón af lágmarkskröfum um líkamsatgervi og heilbrigði sem sett eru fram í töflu B-I hér á eftir og eftirfarandi leiðbeiningum, að teknu tilliti þess að farmenn gegna ólíkum skyldum.
2. Við innleiðingu krafna og ákvæða um heilbrigði farmanna ætti Samgöngustofa að hafa hliðsjón af *Leiðbeiningum ILO/WHO um framkvæmd læknisskoðana farmanna áður en þeir fara á sjó og reglulegra skoðana* að meðtöldum öllum síðari útgáfum, og öllum öðrum gildandi alþjóðlegum leiðbeiningum gefnum út af Alþjóðavinnuáráðastofnuninni, Alþjóðasiglingamálastofnuninni eða Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.
3. Viðeigandi menntun og hæfi og reynsla lækna sem framkvæma læknisskoðanir á farmönnum getur m.a. verið menntun og hæfi á sviði atvinnusjúkdóma eða á sviði heilbrigðis sjómanna, starfsreynsla sem skipslæknir eða læknir skipafélags eða störf undir yfirstjórn einhvers sem býr yfir fyrrgreindri menntun, hæfi eða reynslu.
4. Húsnæði þar sem læknisskoðanir fara fram ætti að vera í aðstöðu og hafa búnað sem þarf til að framkvæma læknisskoðanir farmanna.
5. Samgöngustofu ber að tryggja að viðurkenndir læknar séu algjörlega sjálfstæðir faglega þegar þeir beita læknisfræðilegri dómgreind sinni við að framkvæma læknisskoðanir sínar.
6. Einstaklingar sem sækja um heilbrigðisvottorð ættu að leggja fram fullnægjandi persónuskilríki hjá viðurkenndum lækni til að sanna deili á sér. Þeim ber að afhenda áður útgefin heilbrigðisvottorð.
7. Samgöngustofa hefur ákvörðunarrétt til að heimila undanþágur frá öllum kröfunum í töflu B-I hér á eftir, á grunni læknisfræðilegs mats og annarra viðeigandi upplýsinga um aðlögun einstaklings að ástandi og sönnun á getu til að framkvæma með fullnægjandi hætti þau skyldustörf sem honum eru falin um borð í skipi.
8. Kröfurnar um líkamlegt atgervi ættu, að svo miklu leyti sem unnt er, að fela í sér skilgreiningu á hlutlægum viðmiðum um hæfni til starfa á sjó, að teknu tilliti til aðgengis að heilsugæslustöðvum og læknisfræðilegri þekkingu um borð í skipi. Samkvæmt þeim ætti einkum að tilgreina í hvaða tilvikum farmönnum, sem eru haldnir sjúkdómum sem eru hugsanlega lífshættulegir og haldið er í skefjum með lyfjum, sé heimilt að halda áfram að starfa á sjó.
9. Heilbrigðiskröfur ættu einnig að fela í sér skilgreiningu á tilteknum sjúkdómseinkennum, svo sem litblindu, sem gætu komið í veg fyrir að farmenn geti gegnt tilteknum stöðum um borð í skipi.
10. Lágmarkskröfur um fjarsýni farmanna án hjálpartækja ætti að vera að minnsta kosti 0,1(^[1]).
11. Þeir einstaklingar sem þurfa að nota gleraugu eða snertilinsur til að sinna skyldum ættu að hafa til reiðu nauðsynleg hjálpartæki um borð í skipi sínu. Ef nauðsynlegt er að nota sjónræn hjálpartæki til að uppfylla settar kröfur ber að tilgreina það í útgefnu heilbrigðisvottorði.

12. Litskyggni skal vera í samræmi við *Alþjóðleg tilmæli um kröfur um litskyggni á sviði flutninga*, útgefin af *Commission Internationale de l'Eclairage* (CIE-143-2001, þ.m.t. síðari útgáfur) eða jafngildar prófunaraðferðir.

Tafla B-I

Mat á lágmarkslíkamsatgervi farmanna við upphaf starfs og í starfi ³⁾

Verkefni, störf, atburðir eða aðstæður um borð í skipi ³⁾	Tengt líkamlegt atgervi	Læknir ætti að ganga úr skugga um að umsækjandi ⁴⁾
Venjubundnar hreyfingar um skipið: - á þilfari á hreyfingu - milli þilfara - milli hólfa Athugasemd 1) gildir fyrir þessa röð	Halda jafnvægi og hreyfa sig lipurlega Klifur upp og niður lóðrétt stiga og tröppur Stigið yfir sjóþröskulda (t.d. er þess krafist samkvæmt hleðslumerkjasamþykktinni (Load Lines Convention) að hæð sjóþröskulda sé 600 mm) Opna og loka vatnspéttum dyrum	Finni ekki fyrir jafnvægistruflunum Sé hvorki með skerðingu ná haldinn sjúkdómi sem hindrar tilteknar hreyfingar og líkamlega vinnu Geti án aðstoðar ⁵⁾ : - klifið upp lóðrétt stiga og tröppur - stigið yfir háa kanta - meðhöndlað lokunarbúnað hurða
Venjubundin verkefni um borð: - Notkun handverkfæra - Tilfærsla skipsbirgða - Vinna yfir höfuðhæð - Vinna við loka - Fjögurra tíma vaktir standandi - Vinna í lokuðu rými - Viðbrögð við viðvörunarmerkjum, viðvörunum og leiðbeiningum - Munnleg samskipti Athugasemd 1) gildir fyrir þessa röð	Styrkur, leikni og úthald til að meðhöndla vélknúin tæki Lyfta, draga og bera þunga (t.d. 18 kg) Teygja sig upp Standa, ganga og vera í viðbragðsstöðu í langan tíma Vinna í afmörkuðu rými og fara í gegnum þröng op (SOLAS krefst t.d. að lágmarksstærð opa í farmrými og neyðarundankomuleiðum sé 600 mm × 600 mm - SOLAS-regla 3.6.5.1) Greina með sjónrænum hætti hluti, form og merki Heyra varnaðarorð og leiðbeiningar Gefa skýra lýsingu í töluðu máli	Sé hvorki með skilgreinda skerðingu né sjúkdómsgreiningu sem dregur úr getu til að framkvæma venjubundin skylduverk sem eru nauðsynleg fyrir örugga starfrækslu skipsins Búi yfir atgervi til að: - vinna með upprétta handleggi - standa og ganga í langan tíma - fara inn í lokað rými - uppfylla lágmarkskröfur um sjón (tafla A-I/9) - uppfylla kröfur um heyrn sem settar eru af lögbæru yfirvaldi eða taka mið af alþjóðlegum leiðbeiningum - halda uppi eðlilegu samtali
Skyldur á neyðarstundu um borð í skipi: ⁶⁾ - Flótti - Slökkvistörf - Skipið yfirgefið Athugasemd 2) gildir fyrir þessa röð	Klæðast björgunarvesti eða björgunarbúningi Flótti úr reykfylltu rými Þátttaka í slökkvistörfum, þ.m.t. notkun öndunartækja Þátttaka í ferli við að yfirgefa skip	Sé hvorki með skilgreinda skerðingu né sjúkdómsgreiningu sem dregur úr getu til að framkvæma skylduverk sem eru nauðsynleg fyrir örugga starfrækslu skipsins Búi yfir atgervi til að: - klæðast björgunarvesti eða björgunarbúningi - skriða - skynja mismunandi hitastig - meðhöndla slökkvibúnað - axla (bera) öndunartæki (þar sem þess er krafist sem hluti af skyldum)

Athugasemdir:

1) Röð 1 og 2 í töflunni hér að framan lýsa:

a) venjulegum verkefnum, störfum, atvikum og aðstæðum um borð í skipi,

b) samsvarandi líkamlegu atgervi sem kann að teljast nauðsynlegt í þágu öryggis farmanna, annarra skipverja og skips, og

c) grundvallarviðmiðunum sem læknar nota til að meta heilbrigði, að teknu tilliti til þess að farmenn gegna ólíkum skyldum og eðlis þeirra starfa sem unnin eru um borð í skipum.

- 2) Röð 3 í töflunni hér að framan lýsir:
- a) venjulegum verkefnum, störfum, atvikum og aðstæðum um borð í skipi,
 - b) líkamsatgervi sem ætti að teljast nauðsynlegt í þágu öryggis farmanns, annarra skipverja og skips og
 - c) grundvallarviðmiðunum sem lækna nota til að meta heilbrigði, að teknu tilliti þess að farmenn gegna ólíkum skyldum og eðlis þeirra starfa sem unnin eru um borð í skipum.
- 3) Þessari töflu er ekki ætlað að taka á öllum mögulegum aðstæðum um borð í skipi eða sjúkdómum sem kunna að leiða til vanhæfis. Aðilum ber að tilgreina líkamlegt atgervi sem á við tiltekinn flokk farmanna (t.d. „yfirmaður á þilfari“ og „aðstoðarmaður í vél“). Taka ætti fullt tillit til sérstakra aðstæðna einstaklinga og þeirra sem gegna sérhæfðum eða takmörkuðum skyldum.
- 4) Í vafatilvikum ber lækni að ákvarða alvarleika hvers kyns skerðingar með hlutlægum prófum, þegar viðeigandi próf eru í boði, eða með því að vísa umsækjanda í frekara mat.
- 5) Hugtakið „aðstoð“ merkir að annar einstaklingur sinnir verkefni.
- 6) Hugtakið „skyldur á neyðarstundu“ nær yfir öll neyðartilvik svo sem þegar skip er yfirgefið eða slökkvistörf sem og þá ferla sem sérhverjum farmanni ber að fylgja til að tryggja björgun.

(¹¹) Gildi gefin upp í Snellen-tugflokkun.

III. VIÐAUKI

Skilyrði þess að fá útgefið skírteini skipstjóra á skipi styttra en 24 m í strandsiglingum.

Til þess að fá útgefið skírteini til að gegna stöðu skipstjóra á skipi í strandsiglingum sem er styttra en 24 m að lengd er heimilt að víkja frá þeim ákvæðum sem fram koma í kafla II/3 í I. viðauka, enda sé þeim skilyrðum fullnægt sem fram koma í I. töflu.

I. tafla
Réttindaskírteini og hæfnisskírteini farmanna á þilfari.

Eftirfarandi skírteini til starfa við skipstjórn og önnur störf á þilfari samkvæmt II. kafla I. viðauka skulu gefin út að uppfylltum öllum viðeigandi skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Svið:	Nám/ (stig):	STCW-regla:	Takmarkast við:	Aldur:	Siglinga-tími:	Fjarskipta-skírteini ¹⁾	Hæfnisviðmið-anir skv. A-hluta STCW-kóðans
Stjórnunarsvið							
Skipstjóri		II/3(65)	< 65 BT í strandsiglingum við Ísland			ROC	
Skipstjóri	A	II/3(24)	< 24 m í strandsiglingum við Ísland	20	10)	ROC	(Námskrá A-náms) ²⁾
Skipstjóri	B/(1.)	II/3	< 500 BT í strandsiglingum ³⁾	20	1)	ROC	A-II/3
Yfirstýrimaður	C/(2.)	II/2	500 - 3000 BT	20	2)	GOC	A-II/2
Skipstjóri	C/(2.)	II/2	500 - 3000 BT	20	3)	GOC	A-II/2
Yfirstýrimaður	D/(3.)	II/2	Engar	20	4)	GOC	A-II/2
Skipstjóri	D/(3.)	II/2	Engar	20	5)	GOC	A-II/2
Rekstrarsvið:							
Skipstjóri			< 12 m	18	12)	ROC	Námskrá S-

							náms ⁴⁾
Stýrimaður		II/3(65)	< 65 BT í strandsiglingum við Ísland			ROC	
Stýrimaður	A	II/3 (24)	< 24 m í strandsiglingum við Ísland	18	10)	ROC	(Námskrá A-náms) ²⁾
Yfirstýrimaður/ stýrimaður	B/(1.)	II/3	< 500 BT í strandsiglingum ³⁾	18	6)	ROC	A-II/3
Yfirmaður siglingavaktar	C/(2.)	II/1	Engar	18	7)	GOC	A-II/1
Stoðsvið:							
Aðstoðarmaður í brú	Námskeið	II/4	Um lágmarksaldur, sjá 8. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, með síðari breytingum	16	8)		A-II/4
Sérhæfður þílfarsliði	Námskeið	II/5	Engar	18	9)		A-II/5

1) GOC – General Operator's Certificate / ROC – Restricted Operator's Certificate.

2) Auglýsing nr. 668/2009 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, skipstjórnarnám A (< 24 m).

3) Skip, önnur en strandsiglingaskip:

1. Hver yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á hafskipi, sem er minna en 500 brúttótonn og er ekki strandsiglingaskip, skal hafa réttindaskírteini fyrir skip sem eru 500 brúttótonn eða stærri.

2. Hver skipstjóri á hafskipi, sem er minna en 500 brúttótonn og er ekki strandsiglingaskip, skal hafa réttindaskírteini fyrir skipstjóra á skipum sem eru á bilinu 500 til 3000 brúttótonn.

4) Auglýsing nr. 668/2009 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, skipstjórnarnám S (smáskipanám < 12 m).

Siglingatími:

1) Skipstjóri í strandsiglingum < 500 BT: Hafa að baki viðurkenndan siglingatíma, sem er eigi skemmri en 12 mánuðir, í stöðu yfirmanns siglingavaktar, þ.e. vakthafandi stýrimanns (II/1 eða II/3) á skipi sem er stærra en 100 brúttótonn.

3) Skipstjóri á skipi 500 – 2999 BT: Hafa að baki a.m.k. 36 mánaða viðurkenndan siglingatíma í stöðu yfirmanns siglingavaktar á hafskipi 500 BT og stærra, að fullnægðum kröfum sem gerðar eru til að öðlast skírteini yfirmanns siglingavaktar (II/1). Heimilt að stytta viðurkenndan siglingatíma í 24 mánuði hið minnsta hafi umsækjandi gegnt stöðu yfirstýrimanns í a.m.k. 12 mánuði af slíkum siglingatíma.

4) Yfirstýrimaður án takmarkana: Hafa að baki a.m.k. 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma í stöðu yfirmanns siglingavaktar á hafskipi 500 BT eða stærra eftir að hafa áður fullnægt kröfum sem gerðar eru til að öðlast skírteini yfirmanns siglingavaktar (II/1).

5) Skipstjóri án takmarkana: Hafa að baki eigi skemmri en 36 mánaða viðurkenndan siglingatími sem yfirmaður siglingavaktar (II/1). Þó er heimilt að stytta þennan tíma í 24 mánuði hið minnsta ef umsækjandi hefur starfað sem yfirstýrimaður a.m.k. 12 mánuði af slíkum siglingatíma. Hafa að baki a.m.k. 36 mánaða viðurkenndan siglingatíma í stöðu yfirmanns siglingavaktar á hafskipi 500 BT og stærra að uppfylltum kröfum sem gerðar eru til að öðlast skírteini yfirmanns siglingavaktar (II/1). Heimilt að stytta viðurkenndan siglingatíma í 24 mánuði hið minnsta hafi umsækjandi gegnt stöðu yfirstýrimanns í a.m.k. 12 mánuði af slíkum siglingatíma.

6) Yfirstýrimaður/stýrimaður í strandsiglingum < 500 BT. Hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem nemur:

a) a.m.k. 12 mánuðum, enda sé sá siglingatími hluti af viðurkenndri námsbraut sem tekur til þjálfunar um borð undir eftirliti leiðbeinanda og að því tilskyldu að sú þjálfun fullnægi kröfunum í þætti A-II/1 í STCW-kóðanum og að þjálfunin ásamt siglingatíma sé skráð og staðfest í viðurkennda þjálfunarbók eða

b) a.m.k. 36 mánuðum, enda skuli 12 mánuðir af þessum 36 mánuðum vera á skipi sem er 500 BT eða stærra.

7) Yfirmaður siglingavaktar. Hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem nemur:

a) a.m.k. 12 mánuðum, enda sé sá siglingatími hluti af viðurkenndri námsbraut sem tekur til þjálfunar um borð undir eftirliti leiðbeinanda og að því tilskyldu að sú þjálfun fullnægi kröfunum í þætti A-II/1 í STCW-kóðanum og að þjálfunin ásamt siglingatíma sé skráð og staðfest í viðurkennda þjálfunarbók eða

b) a.m.k. 36 mánuðum,

Hafa á tilgreindum siglingatíma staðið vaktir á stjórnþalli um a.m.k. sex mánaða skeið undir eftirliti skipstjóra eða yfirmanns siglingavaktar á skipi sem er 500 BT eða stærra. Umsækjandi skal geta fært sönnur á vaktstöðu á stjórnþalli með því að leggja fram sjóferðabók og þjálfunarbók.

8) Aðstoðarmaður í brú:

a) hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem nemur a.m.k. 6 mánaða þjálfun og reynslu um borð í skipi stærra en 500 BT sem færð er í sérstaka þjálfunarbók eða

b) hafa að baki sérstaka viðurkennda þjálfun, annaðhvort í landi eða um borð í skipi, ásamt viðurkenndum siglingatíma sem skal eigi vera skemmri en 2 mánuðir undir eftirliti yfirmanns á stjórnunarsviði.

Siglingatíminn, þjálfunin og reynslan, sem krafist er skal tengjast störfum á siglingavakt og fela m.a. í sér skyldustörf sem unnin eru undir beinu eftirliti skipstjóra, yfirmanns siglingavaktar eða undirmanns sem til þess hefur menntun og hæfi.

9) Sérhæfur þilfarsliði. Hafa viðurkenndan siglingatíma á þilfari skips eftir að hafa fullnægt skilyrðum til að gegna stöðu aðstoðarmanns í brú sem nemur að lágmarki:

a) 18 mánuðum, þar af a.m.k. 6 mánuðum á skipi stærra en 500 BT eða

b) 12 mánuðum eftir að hafa lokið sérstakri viðurkenndri þjálfun sem færð er í sérstaka þjálfunarbók.

10) Skipstjóri/stýrimaður á skipi < 24 m í strandsiglingum: Hafa að baki 18 mánaða siglingatíma. Umsækjandi skal vera handhafi skirteinis fjarskiptamanns GMDSS/ROC.

Skilyrði þess að fá útgefið skirteini yfirvélstjóra á skipi í strandsiglingum sem er styttra en 24 m og með vélarafl minna en 750 kW. (Skirteini: Vélavörður (VVY)).

Til þess að fá útgefið skirteini til að gegna stöðu yfirvélstjóra á skipi í strandsiglingum sem er styttra en 24 m að lengd og með vélarafl minna en 750 kW skal umsækjandi:

a) vera að lágmarki 18 ára að aldri

b) hafa að loknu vélgæslunámi samkvæmt reglugerð setti af mennta- og menningarmálaráðuneytinu eða eftir að hafa lokið sveinsprófi í vélvirkjun lokið viðbótarnámi, samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla – vélstjórnarnám (vélstjórnarnám – smáskip með vélarafl < 750 kW – vélavörður VVS).

Skilyrði þess að fá útgefið skirteini vélavarðar á skipi í strandsiglingum sem er styttra en 12 m og með vélarafl minna en 750 kW. (Skirteini: Smáskipavélavörður (SSV)).

Til þess að fá útgefið skirteini til að gegna stöðu vélavarðar á skipi í strandsiglingum sem er styttra en 12 m að lengd og með vélarafl minna en 750 kW skal umsækjandi:

a) vera að lágmarki 18 ára að aldri,

b) hafa lokið vélgæslunámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla – vélstjórnarnám (vélstjórnarnám – smáskip, viðauki I. Námslýsing vélstjórnarnáms á smáskipum).

II. tafla

Réttindaskirteini og hæfnisskirteini farmanna í vélarúmi.

Eftirfarandi skirteini til starfa við vélstjórn og önnur störf í vélarúmi samkvæmt III. kafla I. viðauka skulu gefin út að uppfylltum öllum viðeigandi skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Svið:	Nám (stig vélskóla)	STCW- regla	Takmarkast við:	Aldur:	Siglinga- tími:	Hæfniskröfur skv. A-hluta STCW-kóðans
Stjórnunarsvið						
Yfirvélstjóri	VVY		< 750 kW < 24 m Strandsiglingar	18	11)	Námskeið og námseiningar

2. vélstjóri/ (e. Second engineer)	C /(3.)	III/3	750 - 3000 kW	18	1)	A-III/3
Yfirvélstjóri	C /(3.)	III/3	750 - 3000 kW	20	2)	A-III/3
2. vélstjóri / (e. Second engineer)	D /(4.)	III/2	Engar	20	3)	A-III/2
Yfirvélstjóri	D /(4.)	III/2	Engar	20	4)	A-III/2
Rekstrarsvið:						
Vélavörður	VM(SSV)		< 750 kW ≤ 12 m Strandsiglingar	18	12)	Námskeið
Yfirmaður vélstjórnarvaktar	C /(3.)	III/1	Engar	18	5)	A-III/1
Skiparafvirki	Iðn- og verknám	III/6	Engar	18	6)	A-III/6
Stoðsvið:						
Aðstoðarmaður í vél	Námskeið	III/4	Um lágmarksaldur, sjá 8. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, með síðari breytingum	16	7)	A-III/4
Sérhæfður vélarliði	Námskeið	III/5		18	8)	A-III/5
Aðstoðarmaður skiparafvirkja	námskeið/mat á starfstíma við skiparafmagn	III/7	Engar	18	9)	A-III/7

Siglingatími:

1) 2. vélstjóri 750 – 2999 kW: Hafa að baki a.m.k. 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma í stöðu yfirmanns vélstjórnarvaktar á hafskipi með vélarafli 750 kW eða meira, að uppfylltum kröfum sem gerðar eru til að öðlast skirteini yfirmanns vélstjórnarvaktar (III/1).

2) Yfirvélstjóri 750 – 2999 kW: Hafa að baki a.m.k. 24 mánaða viðurkenndan siglingatíma í stöðu yfirmanns vélstjórnarvaktar á hafskipi með vélarafli 750 kW eða meira, að uppfylltum kröfum sem gerðar eru til að öðlast skirteini yfirmanns vélstjórnarvaktar (III/1).

3) 2. vélstjóri ótakmarkað: Hafa auk þess að baki a.m.k. 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma í stöðu yfirmanns vélstjórnarvaktar á hafskipi með vélarafli 750 kW eða meira, að uppfylltum kröfum sem gerðar eru til að öðlast skirteini yfirmanns vélstjórnarvaktar (III/1).

4) Yfirvélstjóri ótakmarkað: Hafa að baki a.m.k. 36 mánaða viðurkenndan siglingatíma í stöðu yfirmanns vélstjórnarvaktar á hafskipi með vélarafli 750 kW eða meira, eftir að hafa áður fullnægt kröfum sem gerðar eru til að öðlast skirteini yfirmanns með ábyrgð á siglingavakt (III/1). Heimilt að stytta þennan viðurkennda siglingatíma í 24 mánuði hið minnsta hafi umsækjandi gegnt stöðu 2. vélstjóra í a.m.k. 12 mánuði af slíkum siglingatíma.

5) Yfirmaður vélstjórnarvaktar skal hafa lokið:

a) a.m.k. 12 mánaða samanlagðri verkþjálfun og viðurkenndum siglingatíma enda sé sá siglingatími hluti af viðurkenndri námsbraut sem tekur til þjálfunar um borð undir eftirliti leiðbeinanda og að því tilskildu að sú þjálfun fullnægi kröfum í þætti A-III/1 í STCW-kóðanum og að þjálfunin ásamt siglingatíma sé skráð og staðfest í þjálfunarbók eða, sem hluta af viðurkenndri þjálfunaráætlun, sem felur í sér þjálfun um borð og fullnægir kröfum þáttar A-III/1 í STCW-kóðanum og er skráð í viðurkennda þjálfunarbók eða

b) a.m.k. 36 mánaða samanlagðri viðurkenndri verkþjálfun og viðurkenndum siglingatíma, þar af skulu a.m.k. 30 mánuðir vera siglingatími við vélstjórnarstörf. Viðurkennd verkþjálfun telst vera nám til sveinsprófs í viðurkenndri málmiðnaðargrein. Slíkt nám telst svara til allt að 18 mánaða siglingatíma við framvísun staðfestingar um að sveinsprófi sé lokið með fullnægjandi árangri og

c) a.m.k. 6 mánaða siglingatíma af tilskildum siglingatíma undir leiðsögn yfirvélstjóra eða hæfs vélstjóra.

6) Skiparafvirki skal hafa lokið:

a) a.m.k. 12 mánaða samanlagðri verkþjálfun og viðurkenndum siglingatíma enda sé sá siglingatími a.m.k. 6 mánuðir og hluti af viðurkenndri námsbraut sem tekur til þjálfunar um borð undir eftirliti leiðbeinanda og að því tilskyldu að sú þjálfun fullnægi kröfum í þætti A-III/6 í STCW-kóðanum og að þjálfunin ásamt siglingatíma sé skráð og staðfest í þjálfunarbók eða

b) a.m.k. 36 mánaða samanlagðri viðurkenndri verkþjálfun og viðurkenndum siglingatíma, þar af skulu a.m.k. 30 mánuðir vera siglingatími við vélstjórnarstörf, en í 24 mánuði hið minnsta hafi umsækjandi starfað sem 2. vélstjóri í a.m.k. 12 mánuði af slíkum siglingatíma. Viðurkennd verkþjálfun telst vera nám til sveinsprófs í rafvirkjun. Slíkt nám telst svara til allt að 18 mánaða starfstíma við framvísun staðfestingar um að sveinsprófi sé lokið með fullnægjandi árangri.⁽¹⁾

7) Aðstoðarmaður í vél:

a) hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem nemur a.m.k. 6 mánaða þjálfun og reynslu um borð í skipi með 750 kW vélarafl eða meira eða

b) hafa lokið sérstakri viðurkenndri þjálfun, annaðhvort í landi eða um borð í skipi, ásamt viðurkenndum siglingatíma sem skal vera eigi skemmri en 2 mánuðir undir eftirliti yfirmanns á stjórnunarsviði.

8) Sérhæfður vélarliði:

Hafa viðurkenndan siglingatíma við vélstjórn á skipi eftir að hafa uppfyllt skilyrði til að gegna stöðu aðstoðarmanns í vél nemur að lágmarki:

a) 12 mánuðum, þar af a.m.k. 6 mánuðir á skipum með 750 kW vélarafl og meira eða

b) 6 mánuðum eftir að hafa lokið sérstakri viðurkenndri þjálfun sem færð er í sérstaka þjálfunarbók.

Fullnægja kröfunum sem til þarf til að fá útgefið réttindaskírteini sem aðstoðarmaður í vél sem gegnir störfum á vakt í mönnuðu vélarrúmi eða er settur til að gegna skyldustörfum í vélarúmi sem er ómannað tímabundið sem nemur a.m.k. 12 mánuðum eða a.m.k. 6 mánuðum og hafa lokið viðurkenndri þjálfun.

9) Aðstoðarmaður skiparafvirkja: Hafa lokið viðurkenndum siglingatíma með a.m.k. 12 mánaða þjálfunar- og reynslutíma eða hafa lokið viðurkenndri þjálfun, þ.m.t. a.m.k. 6 mánaða viðurkenndum siglingatíma eða hafa menntun og hæfi sem uppfyllir skilyrði um tæknilega færni í töflu A-III/7 í STCW-kóðanum og a.m.k. 3 mánaða viðurkenndan siglingatíma.

10) Yfirvélstjóri < 750 kW: Hafa lokið 9 mánaða viðurkenndum siglingatíma sem vélstjóri, vélavörður eða aðstoðarmaður í vél.

11) Yfirvélstjóri < 750 kW < 24 m: Hafa að loknu námskeiði til smáskipavélavardar lokið viðbótarnámi RAF103 og tveimur af eftirfarandi þremur áföngum: RAF253, VST204 og KÆL122 sem skilgreint er í námskrá að loknum 4 mánaða siglingatíma sem vélavörður. Heimilt er að meta sambærilega áfanga jafngilda.

12) Vélavörður: Að loknu viðurkenndu námskeiði.

⁽¹⁾ Samgöngustofu er heimilt að telja farmenn fullnægja kröfum reglu III/6 fyrir skiparafvirkja ef þeir hafa gegnt viðeigandi störfum um borð um 12 mánaða skeið hið minnsta síðustu 60 mánuði fyrir gildistöku þessarar reglugerðar og fullnægja hæfnisstöðlunum sem eru tilgreindir í þætti A-III/6 í STCW-kóðanum.

IV. VIÐAUKI

Öryggismönnun skipa og skírteini.

KAFLI I

Skírteini.

Þeir sem skipa áhöfn skips skulu vera handhafar þeirra skírteina sem mælt er fyrir um í eftirfarandi töflum, sbr.

4. og 5. mgr. 21. gr. reglugerðar þessarar, um öryggismönnun skipa.

1. Skipstjórnarmenn.

Skipstjórnarmenn farþegaskipa og flutningaskipa skulu hafa yfir að ráða eftirfarandi skírteinum miðað við stærð og farsvið skipsins og þann fjölda skipstjórnarmanna sem tilgreindur er í skírteini um öryggismönnun skipsins:

Stærð skips	Skipstjóri	Yfirstýrimaður	Stýrimaður	Aðstoðarmaður
< 65 BT Strandsiglingar	Skipstjóri STCW II/3 (65)		Stýrimaður STCW II/3 (65)	

< 24 m Strandsiglingar	Skipstjóri STCW II/3 (24)		Stýrimaður STCW II/3 (24)	
< 500 BT Strandsiglingar	Skipstjóri STCW II/3	Yfirstýrimaður STCW II/3	Stýrimaður STCW II/3	
< 500 BT	Skipstjóri STCW II/3	Yfirstýrimaður STCW II/3	Stýrimaður STCW II/3	
< 3000 BT	Skipstjóri STCW II/2	Yfirstýrimaður STCW II/2	Stýrimaður STCW II/1	Aðstoðarmaður STCW II/4
Engar takmarkanir	Skipstjóri STCW II/2	Yfirstýrimaður STCW II/2	Stýrimaður STCW II/1	Aðstoðarmaður STCW II/4

2. Vélstjórnarmenn.

Vélstjórnarmenn skulu hafa yfir að ráða eftirfarandi skirteinum miðað við vélastærð skipsins og þann fjölda vélstjórnarmanna sem tilgreindur er í skirteini um öryggismönnun skipsins:

Vélarafli	Yfirvélstjóri	2. vélstjóri	Vélstjóri	Aðstoðarmaður
< 750 kW < 12 m Strandsiglingar	Yfirvélstjóri VVS			
< 750 Kw < 24 m Strandsiglingar	Yfirvélstjóri VVY			
< 750 Kw Strandsiglingar	Yfirvélstjóri VS III		Vélstjóri	
< 3000 Kw Strandsiglingar	Yfirvélstjóri STCW III/3	2. vélstjóri STCW III/3	Vélstjóri STCW III/1	
< 3000 Kw	Yfirvélstjóri STCW III/3	2. vélstjóri STCW III/3	Vélstjóri STCW III/1	Aðstoðarmaður STCW III/4
Án takmarkana	Yfirvélstjóri STCW III/2	2. vélstjóri STCW III/3	Vélstjóri STCW III/1	Aðstoðarmaður STCW III/4

KAFLI II

Leiðbeiningar um beitingu grundvallarreglna um lágmarksöryggismönnun.

1 Inngangur.

1.1 Nota skal leiðbeiningar þessar við beitingu grundvallarreglna um öryggismönnun, sbr. 3. gr. þessa kafla, til að tryggja öruggan rekstur og vernd gegn mengun frá skipum sem III. gr. STCW-samþykktarinnar frá 1978, með breytingum, gildir um auk siglingaverndar sem kafla XI-2 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með breytingum, gildi um og umhverfisvernd sjávar.

1.2 Samgöngustofu er heimilt að samþykkja fyrirkomulag sem er með öðrum hætti en mælt er fyrir um í þessum viðauka og er sérstaklega aðlagð tækniþróun tiltekinna tegunda skipa og siglinga. Samgöngustofa skal þó ætíð fullvissa sig um að nákvæmt fyrirkomulag mönnunar tryggi tiltekið öryggisstig sem telst að minnsta kosti samsvara því sem komið er á með þessum leiðbeiningum.

2 Markmið.

2.1 Markmið þessara leiðbeininga er að tryggja að skip sé nægilega mannað á skilvikran hátt til að tryggja öryggi og vernd skipsins, örugga siglingu og rekstur á sjó, örugga starfsemi í höfn, fyrirbyggja lífs- og líkamstjón fólks, koma í veg fyrir mengun sjávar, skemmdir á eignum og tryggja velferð og heilsu sjómanna með því að koma í veg fyrir ofþreytu. Þessum markmiðum skal náð með eftirfarandi aðgerðum:

1 taka upp markmiðssetningu,

2 taka upp staðlaðar verklagsreglur um árangursríka framkvæmd og 3 skilvirkri framfylgd reglna.

3 Grundvallarreglur um lágmarksöryggismönnun.

3.1 Taka skal mið af eftirfarandi grundvallarreglum við að ákvarða lágmarksöryggismönnun skips:

1 hæfni til að:

1 viðhafa örugga siglinga-, vélstjórnar- og fjarskiptavakt í samræmi við reglu VIII/2 í STCW-samþykktinni frá 1978, með breytingum, og sinna almennu eftirliti með skipinu,

2 leggja frá eða að bryggju með öruggum hætti,

3 hafa með höndum stjórn öryggismála um borð í skipinu þegar skipið er ferðlaust eða nær ferðlaust á hafi úti,

4 sinna störfum, eftir því sem við á, í því skyni að koma í veg fyrir skaða á umhverfi sjávar,

5 tryggja öryggisfyrirkomulag og þrífnað allra aðgengilegra rýma til að draga úr eldhættu,

6 veita læknishjálp um borð í skipi,

7 tryggja öruggan flutning farms meðan á ferð stendur,

8 skoða og viðhalda, eftir því sem við á, styrk burðarvirkis skipsins, 9 starfa í samræmi við samþykta verndaráætlun skipsins.

2 getu til að:

1 stjórna öllum búnaði til að loka vatnspéttum dyrum og halda búnaði í virku ástandi og kalla út hæfa starfsmenn til að annast neyðarviðgerðir,

2 starfrækja allan slökkvi-, neyðar- og björgunarbúnað um borð, framkvæma tilskilið viðhald á sjó og kalla alla menn um borð til söfnunarstöðva sinna og koma þeim frá borði og

3 stjórna framdrifs- og hjálparvélum, þ.m.t. mengunarvarnarbúnaði og halda þeim í öruggu ástandi svo tryggt sé að skipinu sé ekki hætta búin meðan sjóferð stendur yfir.

3.2 Einnig ber að taka mið af eftirtöldum þáttum um borð þegar við á:

1 viðvarandi þjálfunarkröfum fyrir alla farmenn um borð, þar með talið vegna stjórnunar og notkunar slökkvi- og neyðarbúnaðar, búnaðar til björgunar mannlífa og búnaðar til vatnspéttrar lokunar,

2 kröfum um sérþjálfun vegna tiltekinna tegunda skipa og í þeim tilvikum sem skipverjar sinna skipsstörfum í hinum ýmsu deildum innan skipsins,

3 að fæði og drykkjarvatn um borð sé viðunandi,

4 nauðsyn þess að taka að sér skyldustörf og axla ábyrgð á neyðarstundu og

5 að byrjendum til sjós séu veitt tækifæri til þjálfunar svo þeir geti öðlast þá reynslu sem nauðsynleg er.

KAFLI III

Leiðbeiningar um ákvörðun lágmarksöryggismönnunar.

1.1 Ákvarða skal lágmarksöryggismönnun skips með hliðsjón af öllum þáttum sem máli skipta, þar á meðal eftirtalið:

1 stærð og gerð skips,

2 fjöldi, stærð og gerð framdrifs- og hjálparvéla,

3 stig sjálfvirkni um borð í skipinu,

4 smíði og búnaður skipsins,

5 viðhaldsaðferð sem beitt er,

6 farmur sem flytja á,

7 hve oft er komið til hafnar, lengd og eðli fyrirhugaðra sjóferða,

8 farsvið, hafsvæði og rekstur sá sem skipið er í,

9 umfang þeirra þjálfunarstarfa sem stunduð eru um borð,

10 að hvaða marki félagið veitir skipinu stuðning úr landi,

11 gildandi vinnutímatakmarkanir og/eða hvíldarkröfur og

12 ákvæði samþykkrar verndaráætlunar skipsins.

1.2 Byggja ber ákvörðun lágmarksöryggismönnunar skips á starfssviði sem sinnt er á viðeigandi ábyrgðarsviði eins og kveðið er á um í STCW-kóðanum þar sem eftirfarandi kemur fram:

1 siglingafræði, sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:

1 gera sjóferðaráætlun og sigla skipinu með öruggum hætti,

2 viðhafa örugga siglingavakt í samræmi við kröfur STCW-kóðans,

3 beita stjórn tökum og sigla skipinu við allar aðstæður og 4 leggja frá eða að bryggju með öruggum hætti.

2 meðferð og hleðsla farms sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að skipuleggja, hafa eftirlit með og tryggja örugga lestun, hleðslu og sjóbúnað farms og aðgæslu hans meðan á sjóferð stendur og losun hans þegar í höfn er komið.

3 rekstur skipsins og umönnun allra einstaklinga um borð, sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:

1 tryggja velferð og öryggi allra einstaklinga um borð og halda búnaði til bjargar mannlífum, slökkvistarfa og öðrum búnaði í starfhæfu ástandi,

2 stjórna öllum búnaði til að loka vatnspéttum dyrum og halda honum í starfhæfu ástandi,

3 sinna störfum, eftir því sem við á, í því skyni að kalla alla skipverja til sinna söfnunarstöðva og koma þeim frá borði,

4 sinna störfum, eftir því sem við á, til að tryggja vernd umhverfis sjávar,

5 veita læknishjálp um borð í skipinu og

6 takast á hendur þau stjórnunarstörf sem nauðsynleg eru fyrir öruggan rekstur skipsins og siglingavernd þess.

4 vélstjórn, sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:

1 starfrækja og gæta framdrifs- og hjálparvéla skipsins og meta hvernig þessi vélbúnaður starfar,

2 viðhafa örugga vélstjórnarvakt í samræmi við kröfur STCW-kóðans,

3 hafa stjórn á og framkvæma aðgerðir í tengslum við eldsneyti og kjölfestu og

4 hafa með höndum störf til að tryggja öryggi vélbúnaðar, -kerfa og þjónustu.

5 störf við rafmagns-, rafeinda- og stjórnubúnað véla, sem felur í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:

1 stjórna raf- og rafeindabúnaði skipsins og

2 viðhalda öryggi rafmagns- og rafeindakerfa skipsins.

6 fjarskiptastörf, sem fela í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að:

1 senda og taka á móti upplýsingum með því að nota fjarskiptabúnað skipsins,

2 sinna öruggri fjarskiptavakt í samræmi við kröfur alþjóðaraðióreglugerðar Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) og SOLAS-samningsins frá 1974, með breytingum og

3 sinna fjarskiptaþjónustu á neyðarstundu.

7 viðhald og viðgerðir, sem fela í sér þau verkefni, skyldur og þá ábyrgð sem krafist er til að sinna viðhaldi og viðgerðum á skipinu og vélum, búnaði og kerfum, eftir því sem við á í tengslum við þá viðhalds- og viðgerðaraðferð sem beitt er.

1.3 Til viðbótar þáttunum og starfssviðunum sem tilgreind eru í málsgreinum 1.1 og 1.2 ætti við ákvörðun lágmarksöryggismönnunar einnig að taka mið af:

1 stjórnun framkvæmdar öryggismála, verndarmála og umhverfisverndar sjávar um borð í skipinu þegar það er ferðlaust eða nær ferðlaust á hafi úti,

2 að um borð séu hæfir yfirmenn á þilfari til að tryggt sé að skipstjóri þurfi ekki að standa reglulegar vaktir, með því að koma á þrískiptu vaktakerfi, nema í skipum af takmarkaðri stærð,

3 að um borð séu hæfir yfirmenn í vél til að tryggt sé að yfirvélstjóri þurfi ekki að standa reglulegar vaktir, með því að koma á þrískiptu vaktakerfi, nema í skipum með takmarkað framdrifsafli eða sem eru starfrækt þannig að vélarúm eru ómönnuð tímabundið,

4 tekið sé mið af gildandi viðmiðum um hollustuhætti og hreinlæti um borð og

5 að fullnægjandi fæði og drykkjarvatn sé fyrir alla um borð eftir þörfum.

1.4 Við ákvörðun lágmarksöryggismönnunar á skipi skal einnig taka mið af:

1 fjölda hæfra manna og annarra starfsmanna sem þarf við aðstæður sem myndast þegar vinnuálag er hvað mest, að teknu tilliti til vinnutíma við skyldustörf um borð og hvíldartíma sem sjómönnum er ætlaður og

2 færni skipstjóra og áhafnar skipsins til að samræma störf svo unnt sé að tryggja öruggan rekstur skipsins, siglingavernd og umhverfisvernd sjávar.

KAFLI IV

Ábyrgð við beitingu reglna um lágmarksöryggismönnun.

1 Ábyrgð félaga.

1.1 Samgöngustofu er heimilt að krefjast þess að útgerð, sem ber ábyrgð á rekstri skips, undirbúi og geri tillögur um lágmarksöryggismönnun skips í samræmi við fyrirmynd sem Samgöngustofa tilgreinir.

1.2 Við gerð tillagna um lágmarksöryggismönnun skips ber útgerðinni að beita reglum og tilmælum sem er að finna í þessum viðauka og skal skylt að:

1 meta störf, skyldustörf og þá ábyrgð áhafnar skips sem ætlast er til að hún sinni til öruggs reksturs, siglingaverndar, umhverfisverndar sjávar og til að bregðast við neyðarástandi,

2 tryggja að ákvæðum um hæfni til vaktstöðu og skráningu vinnutíma sé framfylgt,

3 meta þann fjölda manna með þá menntun, hæfni og getu sem nauðsynleg er til öruggs reksturs skipsins, siglingaverndar, umhverfisverndar sjávar og til að bregðast við neyðarástandi,

4 undirbúa og leggja fram við Samgöngustofu tillögu um lágmarksöryggismönnun byggða á mati á þeim fjölda manna með þá menntun, hæfni og getu sem nauðsynleg er til að reka skipið með örugghætti, sinna siglingavernd og til umhverfisverndar sjávar og rökstyðja tillöguna með því að skýra út hvernig fyrirhuguð áhöfn skipsins bregðist við neyðarástandi, þ.m.t. að koma farþegum frá borði ef nauðsyn krefur,

5 tryggja lágmarksöryggismönnun, þar með talið til að mæta þörfum við aðstæður sem myndast þegar vinnuálag er hvað mest og sérstök þörf skapast, í samræmi við reglur þessa viðauka og

6 undirbúa og leggja fram við Samgöngustofu tillögu að lágmarksöryggismönnun skips ef breyting verður á farsviði, burðarvirki, vélabúnaði, búnaði eða rekstri og viðhaldi skipsins sem kann að hafa áhrif á öryggismönnun.

2 Samþykki Samgöngustofu.

2.1 Tillaga að lágmarksöryggismönnun skips sem félag leggur fram við Samgöngustofu skal metin af stofnuninni til að tryggjast að:

1 í tillögunni um fyrirhugaða áhöfn skipsins sé sá fjöldi manna með þá menntun, hæfni og getu sem nauðsynlegur er til að sinna af kostgæfni þeim verkefnum, skyldum, þeirri ábyrgð sem nauðsynleg er til öruggs reksturs skipsins, til siglingaverndar og umhverfisverndar sjávar og til að bregðast við neyðarástandi og

2 skipstjóra, yfirmönnum og öðrum í áhöfn skipsins sé ekki skylt að vinna fleiri vinnustundir en öruggt telst til að gæta öryggis skipsins og að unnt sé að hlíta kröfum um vinnu- og hvíldartíma í samræmi við gildandi reglur.

2.2 Við beitingu reglna um lágmarksöryggismönnun ber Samgöngustofu að taka mið af gildandi samningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Alþjóðavinnuamálastofnunarinnar (ILO), Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem kveða á um:

1 vaktstöðu,

2 vinnu- eða hvíldartíma,

3 öryggisstjórnun,

4 skirteinisútgáfu til farmanna,

5 menntun og þjálfun farmanna,

6 öryggi á vinnustað, heilbrigði og hollustuhætti,

7 vistarverur áhafnar og fæði,

8 siglingavernd, og 9 fjarskipti.

2.3 Að undangengnu mati á upphaflegu tillögunni sem útgerðin lagði fram ber Samgöngustofu að gera útgerðinni skylt að breyta tillögu að lágmarksöryggismönnun ef hún getur ekki fallist á framlagða tillögu að samsetningu áhafnar.

2.4 Samgöngustofu ber einungis að samþykkja tillögu um lágmarksöryggismönnun skips og gefa út öryggisskírteini um lágmarksmönnun hafi stofnunin gengið úr skugga um að tillagan um samsetningu áhafnar sé fengin í samræmi við reglur, tilmæli og leiðbeiningar í þessum viðauka og að mönnun á grunni hennar nægi fyllilega til öruggs reksturs skipsins, siglingaverndar og umhverfisverndar sjávar.

2.5 Samgöngustofa getur afturkallað öryggisskírteini um lágmarksmönnun skips ef félag vanrækir að leggja fram nýja tillögu um lágmarksöryggismönnun eftir að breytingar hafa orðið á farsviði, smíði, vélbúnaði, búnaði eða rekstri og viðhaldi skipsins og sem hafa áhrif á lágmarksöryggismönnunina.

2.6 Samgöngustofu ber að endurskoða og má afturkalla, eftir því sem við á, öryggisskírteini um lágmarksmönnun skips þar sem ítrekað er vanrækt að fullnægja kröfum um hvíldartíma.

2.7 Samgöngustofu ber að leggja vandlegt mat á aðstæður áður en gefið er út öryggisskírteini um lágmarksmönnun þar sem kveðið er á um færri en þrjá fullgilda yfirmenn sem bera ábyrgð á siglingavakt, að teknu tilliti til allra reglnanna um ákvörðun öryggismönnunar.

KAFLI V

Öryggisskírteini um lágmarksöryggismönnun.

1.1 Öryggisskírteini um lágmarksöryggismönnun skipa skal vera í samræmi við fyrirmynd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

KAFLI VI

Rammi til ákvörðunar lágmarksöryggismönnunar.

Inngangsorð.

Þessum ramma er ætlað að vera Samgöngustofu og félögum til leiðbeiningar við að ákvarða lágmarksöryggismönnun.

Ráðstafanir til að ákvarða lágmarksöryggismönnun.

1. Umsókn frá félaginu.

1.1 Umsókn frá félagi þar sem fram kemur tillaga að lágmarksöryggismönnun og skilgreining á eðli reksturs skipsins.

1.2 Í umsókn þarf að taka tillit til krafanna í 2. og 3. kafla í tengslum við starfsemi um borð í skipinu á sviði öryggisstjórnunar, siglingaverndar og umhverfisverndar sjávar.

1.3 Ferlið sem lýst er hér á eftir gerir félögum kleift að ná betri yfirsýn yfir þá tengdu þætti og samskipti rekstrarþátta sem hafa áhrif á vinnuálag og þegar upp er staðið tillögu að lágmarksöryggismönnun.

Starfssvið rekstrar.

1.4 Nauðsynlegt er, samkvæmt þessu ferli, að sundurliða rekstrarþætti í starfssvið. Í 2. kafla eru leiðbeiningar um viðeigandi starfssvið sem þarf að huga að, þótt ekki sé um endanlega upptalningu að ræða. Hvert starfssvið má síðan sundurliða í verkefnaalista sem inniheldur eftirfarandi:

1 **Tímalengd:** Hve langan tíma þarf til að framkvæma hvert verkefni? Tími í þessu tilviki er mæling á heildarfjölda vinnustunda samanborið við rauntíma sem þarf til að ljúka verkefni þar sem unnt er að ljúka sumum verkefnum á skemmri tíma með því að nota marga einstaklinga.

2 **Tíðni:** Hve oft er verkefni unnið? Þetta má flokka samkvæmt einhvers konar staðaltímabili (þ.e. á klukkutímabrestiti, daglega, vikulega, o.s.frv.).

3 **Hæfniskröfur:** Hvaða færni, þjálfun og hæfni þarf til að framkvæma verkefni með samræmdum og fullnægjandi hætti?

4 **Mikilvægi:** Hvaða hættur eða afleiðingar getur ófullnægjandi frammistaða haft í för með sér?

Rekstrarþættir.

1.5 Þegar starfssviði er skipt niður í tiltekin verkefni og eigindir þeirra er nauðsynlegt að ákvarða fyrir starfsfólk þá hæfni, rekstrarstefnu og þær verklagsreglur og skipulag/tækni sem er nauðsynleg til að framkvæma hvert verkefni. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að þessi atriði geta aukið eða dregið úr þörf á mönnun með tilliti til þess hvort menn séu til reiðu og viðeigandi ferla og sérstakra möguleika á sviði tækni og/eða sjálfvirkni.

Hæfni til að fást við viðfangsefni.

1.6 Nota ætti upplýsingarnar sem verða til við að skilgreina rekstrarþættina og -starfssviðin til að ákvarða hversu mörgum verkefnum einstaklingur getur sinnt við hinar ýmsu rekstraraðstæður. Þeir þættir sem þarf að hafa í huga þegar þetta þrep er til meðferðar eru takmarkanir mannlega þáttarins og ákvæði viðeigandi viðmiðana og reglugerða. Í því felast kröfur um svefn og hvíldarþörf, líkamlegt og andlegt vinnuálag í tengslum við hvert verkefni og viðmiðunarmörk váhrifa umhverfisskilyrða um borð, svo sem af völdum hávaða, hita og eiturefna.

Mat á vinnuálagi.

1.7 Þegar hæfni til að fást við viðfangsefni í rekstri hefur verið greind eru niðurstöðurnar notaðar til að ganga úr skugga um að vinnuálag verði ekki til þess að brotið verði í bága við ákvæði um lágmarkshvildartíma og hámarksvinnutíma í viðeigandi reglum sem gilda um þessi mál á landsvísu og heimsvísu. Þeir þættir sem hafa ber í huga á þessu þrepi eru lengd vinnulota, gerð vinnuáætlana og hvort einn skipverji geti sinnt þeim viðfangsefnum sem úthlutað hefur verið á hverja vinnulotu eða -lotur á hverjum vinnudegi.

2. Mat Samgöngustofu.

2.1 Samgöngustofu ber að meta/samþykkja umsókn félagsins með hliðsjón af viðeigandi reglum og leiðbeiningum á landsvísu og heimsvísu.

2.2 Eftir að hafa lagt mat á og samþykkt tillögu ber Samgöngustofu að gefa út öryggisskírteini um lágmarksmönnun, þ.m.t. sérstakar kröfur og skilyrði.

3. Viðhald öryggisskírteinis um lágmarksmönnun.

3.1 Félag skal upplýsa Samgöngustofu um hvers kyns breytingar sem kunna að hafa áhrif á öryggisskírteini um lágmarksmönnun og í slíkum tilvikum skal það undirbúa og leggja fram nýja tillögu, að teknu tilliti til 3. kafla þessa viðauka.

4. Eftirlit með reglufylgni.

Samgöngustofa endurmetur fyrirkomulag um lágmarksöryggismönnun reglulega.

V. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skal senda Eftirlitsstofnun EFTA vegna úrvinnslu tölfraðilegra gagna.

1. Þegar ákvæði reglugerðarinnar vísa til ákvæða V. viðauka, er átt við eftirfarandi upplýsingar, sem nánar eru tilgreindar í 9. mgr. í þætti A-I/2 í STCW-kóðanum um:

- a) öll réttindaskírteini,
- b) allar áritanir til staðfestingar á útgáfu þeirra og
- c) um allar áritanir til staðfestingar á viðurkenningu réttindaskírteina, sem gefin eru út af öðrum löndum.

Þær upplýsingar sem eru stjórnumerktar með (*) skulu vera upplýsingar á nafnlausu formi, eins og krafist er skv. 3. mgr. 23. gr.:

Réttindaskírteini/áritanir til staðfestingar á útgáfu þeirra:

sérauðkenni farmanns, ef það er tiltækt (*),
nafn farmanns (*),
fæðingardagur og -ár farmanns,
ríkisfang farmanns,
kyn farmanns,
áritað númer réttindaskírteinis (*),
númer áritunar til staðfestingar á útgáfu réttindaskírteinis (*),
hæfni,
útgáfudagur eða síðasti dagur endurnýjunar skjals,
síðasti gildisdagur,
staða skírteinis, takmarkanir.

Áritanir til staðfestingar á viðurkenningu réttindaskírteinis sem gefið er út af öðrum ríkjum:

nafn farmanns (*),
fæðingardagur og -ár farmanns,
ríkisfang farmanns,
kyn farmanns,
útgáfuland upprunalegs réttindaskírteinis,
upprunalegt númer réttindaskírteinis (*),
númer áritunar til staðfestingar á viðurkenningu réttindaskírteinis frá öðru ríki (*),
hæfni,
útgáfudagur eða síðasti dagur endurnýjunar skjals,
síðasti gildisdagur,
staða áritunar,
takmarkanir.

2. Samgöngustofu er heimilt að veita, valkvætt, upplýsingar um hæfnisskírteini, sem gefin eru út fyrir undirmenn í samræmi við II., III. og VII. kafla viðaukans við STCW-samþykktina, s.s.:

sérauðkenni farmanns,
ef það er tiltækt (*),
nafn farmanns (*),
fæðingardagur og -ár farmanns,
ríkisfang farmanns,
kyn farmanns,
númer hæfnisskírteinis (*),
hæfni,
útgáfudagur eða síðasta dagur endurnýjunar skjalsins,
síðasta gildisdagur,
stöðu hæfnisskírteinis.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.